FRÉTTABLAÐIÐ

46. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 23. FEBRÚAR 2018

Það var glatt á hjalla í Valhöll í gær þegar fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík samþykkti einróma lista kjörnefndar fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Mikil endurnýjun er á lista flokksins sem Eyþór Arnalds leiðir. Hann og Hildur Björnsdóttir, sem er í öðru sæti listans, ræddu við Sjálfstæðismenn sem fjölmenntu í Valhöll. Sjá bls. 4. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Flókinn ferill endurupptöku

DÓMSMÁL Endurupptaka Guðmundar- og Geirfinnsmála er sérstæð og hefur flókinn feril. Meðal annars vegna þeirrar sérstöku réttarfarslegu stöðu sem uppi er í endurupptökunni enda fátítt ef ekki fordæmalaust að saksóknari fari fram á sýknu í kröfugerð í sakamáli. Margir spyrja sig því hvers megi vænta og hver ferill málsins gæti orðið.

Áhöld hafa einnig verið um áhrif þess að saksóknari gerir sýknukröfu í málinu og hve bindandi áhrif hún hefur fyrir Hæstarétt. Í dómi sem féll í Landsrétti í lok síðustu viku er því slegið föstu að við meðferð sakamála verði ekki dæmdar aðrar kröfur á hendur ákærða en ákæruvaldið geri.

– aá / sjá síðu 6

Brotthvarfið svakalegt

Formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema segir tölur um brotthvarf úr framhaldsskólum svakalegar. Lilja segir tilefni til að styrkja sálfræðiþjónustu.

MENNTAMÁL „Við sjáum að tölurnar eru svakalegar. 141 sem hættir í námi vegna andlegra veikinda," segir Davíð Snær Jónsson, formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema (SÍF), um nýja skýrslu Menntamálastofnunar um brotthvarf í framhaldsskólum.

Talan sem Davíð vísar til nær yfir síðustu haustönn en í heildina hættu rúmlega 750 nemendur í framhaldsskóla í haust.

SÍF stendur um þessar mundir fyrir herferð á samfélagsmiðlum og reynir þannig að þrýsta á stjórnvöld um að boðið verði upp á gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum. Davíð segir þátttökuna hafa sýnt að andlegi þátturinn sé rosalega stór.

Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra.

Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra segir niðurstöðurnar sem fram koma í skýrslunni gefa tilefni til að styrkja sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum. Hún vinni nú með Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra í málinu.

„Við höfum nú þegar fundað um hvernig sé hægt að auka sálfræðiþjónustu og gera hana aðgengilegri og erum búin að setja fólk í ráðuneytunum í vinnu til að móta þetta með okkur," segir Lilja menntamálaráðherra. – þea / sjá síðu 2

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Þórlindur Kjartansson skrifar um sýningu stélfjaðra og hallærislega aflasýningu. 11

SPORT Vildi hætta á mínum forsendum, segir Logi Gunnarsson sem kveður íslenska landsliðið í körfubolta um helgina. 12

MENNING Slá í gegn, nýr söngleikur í Þjóðleikhúsinu eftir Guðjón Davíð Karlsson. 20

LÍFIÐ Sólrún Sesselja segir að fordómar gagnvart hinsegin fólki séu til staðar á Íslandi. 30

PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Meistaramánuður Íslandsbanka

Sparaðu eins og meistari

islandsbanki.is/meistari

Veður



Vaxandi suðaustanátt í dag, 18-25 m/s seinni partinn með slyddu og síðar rigningu, talsverð úrkoma á sunnanverðu landinu. Það hlýnar með rokinu, hiti víða 5 til 10 stig í kvöld. SJÁ SÍÐU 18

Það styttist í opnun neyslurýmisins.

Unnið að opnun neyslurýmis

HEILBRIGÐISMÁL Velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa hafið vinnu við opnun neyslurýmis fyrir langt leidda vímuefnaneytendur. Með tilkomu neyslurýmisins verður einstaklingum sem sprauta sig í æð tryggður aðgangur að hreinum sprautum, nálaskiptum og gjaldfrjálsri grunnheilbrigðisþjónustu. Þetta kemur fram í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Helga Hrafns Gunnarssonar, þingmanns Pírata.

„Ég hef rætt við borgarstjóra út af þessu máli og það eru í gangi samskipti milli ráðuneytisins og borgarinnar um þetta. Ég býst við því að þess sé ekki langt að bíða að þetta úrræði verði til," segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.

Í svarinu kemur einnig fram að ráðherrann telji það samræmast illa hugmyndum um skaðaminnkun að það varði fangelsisrefsingu að vera fíkniefnaneytandi. Ráðherra stefnir að því að unnið verði áhættumat um reynslu annarra þjóða af afnámi refsinga við vörslu á neysluskömmtum. Niðurstöður áhættumatsins munu hafa áhrif á hvaða breytingar á lögum verða að veruleika. **– jóe**

> **Ég býst við að þess sé ekki langt að bíða að þetta úrræði verði til.**
>
> Svandís Svavarsdóttir
> heilbrigðisráðherra

Kampakát með verðlaunin

Sigurður Guðjónsson var í gær valinn myndlistarmaður ársins fyrir sýninguna Innljós, í kapellu og líkhúsi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Verðlaunin voru veitt í fyrsta skipti í Listasafni Reykjavíkur í gær og afhenti menntamálaráðherra þau. Auður Lóa Guðnadóttir hlaut hvatningarverðlaun ársins. Hún útskrifaðist frá myndlistardeild LHÍ árið 2015 og hefur látið til sín taka innan íslensks myndlistarsamfélags. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Dýrt tíst frá Kylie Jenner

VIÐSKIPTI Gengi bréfa í tæknifyrirtækinu Snap hrundi í gær eftir að raunveruleikastjarnan Kylie Jenner fór ófögrum orðum um nýjustu uppfærsluna á samfélagsmiðlinum Snapchat. Uppfærslan hefur fallið í grýttan jarðveg hjá notendum. „Er einhver sem ennþá opnar Snapchat? Úff, þetta er svo slæmt," ritaði Jenner á Twitter.

Þessi saklausa yfirlýsing sem Jenner dreifði til 24 milljóna fylgjenda sinna hafði þau áhrif að gengi Snap lækkaði um 6 prósent. Það þýðir að markaðsvirði Snap lækkaði um 150 milljarða króna eftir að Jenner tjáði sig á Twitter. **– khn**

Andlegi þátturinn stór

Alls hætti 141 í framhaldsskóla á síðustu haustönn vegna andlegra veikinda. Menntamálaráðherra segir vinnu farna af stað við að styrkja sálfræðiþjónustu.

MENNTAMÁL Niðurstöður skýrslu Menntamálastofnunar um brotthvarf úr framhaldsskólum gefur tilefni til að styrkja sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum. Þetta segir Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra. 141 nemandi hætti námi í framhaldsskóla á haustönn vegna andlegra veikinda en í heildina hættu ríflega 750.

„Það er mín skoðun að við þurfum að styrkja alla umgjörð í kringum skólakerfið á Íslandi," segir Lilja og bendir á að brotthvarf hér sé meira en á hinum Norðurlöndunum. Nú sé skýrsla stofnunarinnar komin og í kjölfarið sé hægt að nýta hana til að fara í aðgerðir til að sporna við brotthvarfi.

Lilja segir að þær Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra séu nú að vinna í málinu. „Við höfum nú þegar fundað um hvernig sé hægt að auka sálfræðiþjónustu og gera hana aðgengilegri og erum búin að setja fólk í ráðuneytunum í vinnu til að móta þetta með okkur," segir Lilja.

Þá segist hún jafnframt hafa fundað mikið um málið með stúdentahreyfingunni á háskólastigi. Þar sé sama vandamál til staðar. „Þetta er auðvitað samtvinnað, framhaldsskólastigið og háskólastigið."

Í skýrslunni kemur fram að átta skólar hafi fengið styrki til að auka aðgengi að sálfræðiþjónustu árið 2016 „en samkvæmt skráningu á ástæðum brotthvarfs eru andleg veikindi ein helsta ástæða þess að nemendur hafa hætt í námi í umræddum skólum áður en til lokaprófa kom".

Skólarnir óskuðu ýmist eftir fjármagni til að ráða sálfræðing eða til að kaupa þjónustu af einkaaðilum. Samkvæmt skýrslunni réðu tveir skólar sálfræðing í hálft starf, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Fjölbrautaskóli Suðurnesja.

Heildarmat á útkomunni í FS liggur ekki fyrir en í skýrslunni segir að þar sé mælanlegur jákvæður árangur. „Færri sem hætta vegna andlegra veikinda," segir um árangurinn í MH. Þá segir einnig í umsögnum um árangur þeirra skóla sem bjóða upp á sálfræðiaðstoð í einhverri mynd að árangurinn sé almennt góður.

Menntamálaráðherra vill auka sálfræðiþjónustu í skólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það er mín skoðun að við þurfum að styrkja alla umgjörð í kringum skólakerfið á Íslandi.**
>
> Lilja Alfreðsdóttir
> menntamálaráðherra

Davíð Snær Jónsson, formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema (SÍF), segir tölurnar uggvænlegar. SÍF hefur undanfarið staðið að herferð á samfélagsmiðlum í þeim tilgangi að þrýsta á stjórnvöld að bjóða upp á gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum.

„Við teljum að andlegi þátturinn í þessu sé gríðarlega stór," segir Davíð og bætir því við að nemendur í MH séu til að mynda mjög ánægðir með hvernig staðið sé að sálfræðiþjónustu þar. „Sálfræðingurinn er meðal annars með prófkvíðanámskeið þannig að hann er ekki bara að hitta einstaklinga heldur er hann líka að hitta hópinn og tala opinskátt um þessi mál."

thorgnyr@frettabladid.is

MEISTARAVERK

傑作

Orðið Takumi merkir handverksmeistari. Til þess að geta kallað þig Takumi þarftu að sýna fram á næmt auga fyrir smáatriðum, ómælda sköpunargleði og óbilandi trú á því að ekkert nema fullkomnun sé nógu gott. Lexus er öll þessi hugmyndafræði í verki.

ÚTHUGSUÐ SMÁATRIÐI SKAPA EINSTAKA HEILD

RX 450h frá 10.340.000 kr.

SPORTJEPPI

Lexus-Ísland – Kauptúni 6, Garðabæ, 570 5400 – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

Forlagið vill að efni höfunda sinna verði fjarlægt úr Storytel

MENNING „Óánægja rithöfunda hefur ekki farið fram hjá okkur. Við höfum, fyrir þeirra hönd, verið í sambandi við Storytel um úrlausn þeirra mála," segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins. Innkoma hljóð- og rafbókaþjónustunnar Storytel hefur fallið í grýttan jarðveg meðal hóps rithöfunda og telur Rithöfundasamband Íslands að verið sé að brjóta gegn höfundarrétti rithöfunda þar sem ekki hafi verið samið sérstaklega við þá.

Á Storytel má í dag finna hundruð íslenskra titla, þar á meðal frá kanónum Forlagsins á borð við Arnald Indriðason og marga fleiri. En Egill Örn segir Forlagið ekki hafa gert neinn samning við Storytel. Efnið á veitunni byggi á eldri útgáfu á vegum íslenska hljóðbókafyrirtækisins Skynjunar. Ekkert nýtt efni frá Forlaginu sé þar inni.

Storytel keypti Skynjun á síðasta ári en Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri Storytel á Íslandi, var áður í forsvari fyrir Skynjun. Efni sem samningar voru um hjá Skynjun hefur því birst í Storytel.

„Við erum í samtali við Storytel um að efni höfunda Forlagsins, sem kom út á vegum Skynjunar á sínum tíma, verði fjarlægt úr Storytel," segir Egill Örn sem býst við að þau mál skýrist fljótlega.

Egill Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Aðspurður segir Egill að þó Forlagið hafi áform um stóraukna hljóðbókaútgáfu sjálft, standi ekki til að fara í samkeppni við Storytel með áskriftarsölu líkt og sænska fyrirtækið býður upp á.

„Við höfum engin áform um að hefja áskriftarsölu, hvorki á hljóðbókum né öðru." **– smj**

Viðreisn leitar að forystukonu fyrir framboð sitt í Reykjavíkurborg

Stærðfræðingurinn Pawel Bartoszek gefur kost á sér í framboð til borgarstjórnarkosninga. Viðreisn leitar að forystukonu í framboðið. Horft til fyrrverandi formanns FKA og reynslumikillar fyrrverandi Sjálfstæðiskonu. Hildur Björnsdóttir var hvött til að gefa kost á sér í framboð fyrir Viðreisn. Hún ákvað að taka sæti á lista Sjálfstæðisflokksins þar sem mikil endurnýjun hefur átti sér stað.

STJÓRNMÁL Forystumenn í Viðreisn leita þessa dagana að konu til að vera í forystu fyrir framboð flokksins í Reykjavík. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er meðal annars horft til Jarþrúðar Ásmundsdóttur og Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur.

Flokkurinn hefur ákveðið að hafa þann háttinn á að auglýsa eftir einstaklingum sem vilja taka þátt í framboðum flokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar. Forystufólk úr flokknum hefur síðan haft samband við valda einstaklinga og hvatt þá til að gefa kost á sér.

Búist er við því að fyrrverandi þingmaður flokksins, Pawel Bartoszek, verði efsti karlmaðurinn á listanum og verði þá annaðhvort í fyrsta eða öðru sætinu. Pawel staðfesti í gær að hann hygðist sækjast eftir sæti ofarlega á lista Viðreisnar fyrir kosningarnar.

„Það brennur á mér að gera Reykjavík að enn þá betri borg," segir Pawel um framboð sitt. „Ég vil sjá til þess að hér verði gott skólakerfi, frábærar og fjölbreyttar samgöngur og atvinnulíf sem fær allt þetta frábæra fólk í þessum heimi, Íslendinga sem og aðra, til þess að vilja búa hér."

Bæði Jarþrúður og Þórdís Lóa hafa verið hvattar til að gefa kost á sér. Jarþrúður hefur áralanga reynslu af trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn en gekk svo til liðs við Viðreisn í aðdraganda síðustu kosninga og tók 4. sæti á lista í Reykjavík norður.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir hefur hins vegar áratugalanga reynslu af störfum hjá Reykjavíkurborg. Hún var meðal annars framkvæmdastjóri þjónustusviðs Reykjavíkur, auk þess að hafa verið formaður Félags kvenna í atvinnulífinu um árabil.

Fylla þarf 23 sæti í Ráðhúsi Reykjavíkur í vor. Stjórnmálaflokkarnir eru að manna lista sína. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pawel Bartoszek.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að lögfræðingurinn Hildur Björnsdóttir hafi verið hvött til að gefa kost á sér í framboð fyrir Viðreisn. Formaður flokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hafi meðal annars átt persónuleg samtöl við Hildi um slíkt. Hildur ákvað hins vegar að taka sæti á lista Sjálfstæðisflokksins þegar það bauðst.

Þá hefur einnig verið rætt við Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur. Hún bauð sig fram í kosningum til Alþingis á lista Viðreisnar bæði í kosningunum 2016 og 2017, en náði ekki kjöri. Þorbjörg var aðstoðarmaður Þorsteins Víglundssonar, fyrrverandi félagsmálaráðherra. Eftir kosningar 2017 var hún settur saksóknari hjá Ríkissaksóknara, en þar hafði hún starfað áður. Hún mun ekki sækjast eftir sæti á listanum fyrir borgarstjórnarkosningarnar. **jonhakon@frettabladid.is**

Píratar með prófkjör

Píratar hafa ákveðið að viðhafa prófkjör vegna vals á lista fyrir næstu kosningar. Halldór Auðar Svansson borgarfulltrúi hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram. Ellefu frambjóðendur hafa gefið kost á sér. Þau eru Arnaldur Sigurðarson, Bergþór Þórðarson, Birgir Þröstur Jóhannsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Elsa Nore, Rannveig Ernudóttir, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Salvör Kristjana Gissurardóttir, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Valgerður Árnadóttir og Þórður Eyþórsson. Fleiri gætu bæst við því framboðsfrestur rennur ekki út fyrr en 12. mars.

Listi Sjálfstæðisflokks

1. Eyþór Arnalds



2. Hildur Björnsdóttir

3. Valgerður Sigurðardóttir

4. Egill Þór Jónsson

Listi Framsóknarflokks

1. Ingvar Már Jónsson

2. Snædís Karlsdóttir

3. Ásthildur Lóa Þórsdóttir

4. Hördís Guðný Guðmundsd.

5 FIAT ÁRA ÁBYRGÐ

SÉRTILBOÐ Á ATVINNUBÍLUM

FIAT PROFESSIONAL

FIAT DUCATO - MILLILANGUR
Tilboðsverð með aukahlutum frá
3.199.000 kr án vsk. / 3.966.760 m/vsk.
Listaverð með aukahlutum frá
5.215.000 kr. m/vsk.

FIAT DOBLÓ
Tilboðsverð með aukahlutum
1.999.000 kr án vsk. / 2.478.760 m/vsk.
Listaverð með aukahlutum frá
3.225.000 kr. m/vsk.

FIAT FIORINO
Tilboðsverð með aukahlutum
1.699.000 kr án vsk. / 2.106.760 kr. m/vsk.
Listaverð með aukahlutum frá
2.525.000 kr. m/vsk.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Fiat Professional - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.fiatprofessional.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Harðar deilur um fagurfræðilegt gildi miðbæjarins á Selfossi

SKIPULAGSMÁL Rökræða fer nú fram um það í Árborg hvort byggðasérkenni móti miðbæinn á Selfossi eða ekki. Margir gera athugasemd við að í breyttu aðalskipulagi sé því haldið fram að svo sé ekki.

„Í greinargerð tillögu að breyttu aðalskipulagi kemur fram að miðsvæðið búi ekki yfir sérkennum sem vert er að byggja tillögugerð að framtíðaruppbyggingu svæðisins á," segir í svari meirihluta skipulags- og byggingarnefndar Árborgar. „Í því felst ekki fullyrðing um að engin sérkenni séu á byggðinni."

Þá kemur fram að meirihluti byggðar á Selfossi sé frá síðari hluta 20. aldar. „Byggð á miðbæjarsvæðinu er töluvert gisin og einkennist að stórum hluta af umferðarmiklum götum og stórum bílastæðum."

Ragnar Geir Brynjólfsson, fulltrúi Framsóknarflokks í nefndinni, er á allt öðru máli og kveðst ekki geta stutt aðalskipulagsbreytinguna. Hann sé ósammála því að miðsvæðið búi ekki yfir sérkennum sem vert sé að byggja framtíðaruppbyggingu á.

„Miðsvæðið á Selfossi býr þvert á móti yfir fegurð og sérkennum sem hægt er að varðveita og styrkja," segir í bókun Ragnars. „Þegar komið er til bæjarins yfir brúna blasir við hin stílhreina og klassíska Selfosskirkja séð yfir lygnan straum árinnar. Til vinstri er hinn tiltölulega nýuppgerði og snyrtilegi Tryggvaskáli og á móti blasir Ráðhúsið við, einnig stílhrein, fögur og klassísk bygging. Húsin í framhaldi af því til austurs eru svo lík Ráðhúsinu að til samans mynda þau heildstæða sýn og festa hina klassísku ásýnd í sessi." – gar

> **Miðsvæðið á Selfossi býr þvert á móti yfir fegurð og sérkennum sem hægt er að varðveita og styrkja.**

Ragnar Geir Brynjólfsson, fulltrúi í skipulags- og byggingarnefnd Árborgar

Í miðbæ Selfoss. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Eigendur Austurgötu 36 vilja lausn sinna mál. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ósátt við tafir í veggjatítluhúsi

SKIPULAGSMÁL „Við viljum bara lausn á okkar máli. Ég vil ekki vera að standa í pólitískum leik," segir Anna Gyða Pétursdóttir, eigandi húss í Hafnarfirði sem undirlagt er veggjatítlum.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær vill skipulagssvið Hafnarfjarðar að óháðir aðilar meti hvort hús Önnu og manns hennar á Austurgötu 36 er í raun svo skemmt að eina lausnin sé að rífa það og byggja nýtt eins og sérfræðingar þeirra segja.

Anna sagðist í samtali við frettabladid.is í gær hafa fundað með embættismönnum bæjarins fyrir viku. „Við áttum tveggja tíma fund þar sem alltaf var talað um „uppbygginguna". Það að bærinn vilji fá annað mat núna kemur því mjög á óvart." – dfb

LEIÐRÉTTING

Í niðurlagi fréttar um starfsmann Barnaverndar sem setið hefur í varðhaldi vegna gruns um misnotkun á skjólstæðingum fyrir árið 2010 var fyrir mistök vitnað í yfirlýsingu velferðarsviðs vegna annars starfsmanns sem kærður hefur verið og var sendur í leyfi.

Flókið ferli endurupptökunnar

Endurupptaka sérstæðasta sakamáls síðari tíma hefur flókinn feril. Dómarar gætu reynst vanhæfir, óvíst er hvort málið verður flutt munnlega og óljóst hvort Hæstiréttur er bundinn við sýknukröfur saksóknara.

DÓMSMÁL Endurupptaka Guðmundar- og Geirfinnsmála er sérstæð í marga staði, ekki eingöngu af þeirri ástæðu að málin eru meðal allra umtöluðustu sakamála síðari tíma á Íslandi heldur einnig vegna þeirrar sérstöku stöðu sem uppi er í endurupptökunni réttarfarslega enda fátítt ef ekki fordæmalaust að saksóknari fari fram á sýknu í kröfugerð í sakamáli. Margir spyrja sig því hvers megi vænta og hver ferill málsins gæti orðið.

Í kjölfar þess að saksóknari lagði fram greinargerð sína í fyrradag, óskuðu verjendur eftir fresti fram í maí til að skila greinargerðum og líklega verður þeim veittur frestur til 20. maí.

Þegar verjendur hafa skilað greinargerðum mun Hæstiréttur tilkynna málflutningsdag og setja málið á dagskrá, nema rétturinn ákveði að dómur verði lagður á málið án málflutnings. Davíð Þór Björgvinsson, settur saksóknari, segist reikna með að málið verði flutt munnlega, en bendir þó á að aðstæður séu sérstakar. „Það er ákvörðun réttarins hvort hann telji yfirhöfuð þörf á því, við þessar aðstæður." Davíð segir þó að allt að einu þurfi að fara í gegnum ferilinn og kveða upp nýjan dóm.

Ef og þegar málflutningsdagur er tilkynntur mun við sama tækifæri liggja fyrir hverjir skipa dóminn og þá mun í framhaldinu koma í ljós hvort verjendur geri kröfu um að einhverjir þeirra víki sæti vegna vanhæfis. Málið hefur nokkuð oft komið til kasta Hæstaréttar áður og er viðbúið að dómarar sem til að mynda hafa hafnað fyrri beiðnum um endurupptöku teljist vanhæfir í málinu. Það á við um Markús Sigurbjörnsson einan, af þeim sem eiga sæti í Hæstarétti í dag, en viðbúið er að verjendur muni huga vel að öðrum mögulegum vanhæfisástæðum.

Þá gæti Hæstiréttur einnig tekið formhlið málsins til sérstakrar skoðunar enda þótt aðilar málsins hafi ekki uppi kröfur um frávísun. „Það er ekkert sem bendir til þess en það er hins vegar nauðsynlegt að hafa það í huga að rétturinn hefur formlega heimild til að vísa máli frá án kröfu ef gallar eru á formhlið þess," segir Jón Steinar Gunnlaugsson, verjandi Kristjáns Viðars Viðarssonar, aðspurður um líkur á að málinu verði vísað frá. Komi til þess mun það líklega ekki koma í ljós fyrr en eftir munnlegan málflutning.

Nokkur áhöld hafa einnig verið um áhrif þess að saksóknari gerir sýknukröfu í málinu og hve bindandi áhrif hún hefur fyrir Hæstarétt. Í dómi sem féll í Landsrétti í lok síðustu viku er því slegið föstu að við meðferð sakamála verði ekki dæmdar aðrar kröfur á hendur ákærða en ákæruvaldið geri. Af þessari túlkun Landsréttar verður að ætla að Hæstiréttur sé bundinn af kröfu saksóknara og geti ekki kveðið upp sakfellingardóm fyrst ekki er gerð um það krafa, að því gefnu að Hæstiréttur fallist á þessa túlkun Landsréttar.

adalheidur@frettabladid.is

Dómur féll í Hæstarétti 22. febrúar 1980, fyrir 38 árum.

Jón Steinar Gunnlaugsson.

Tímalína Hæstaréttarmáls nr. 214/1978

22. febrúar 1980
- Dómur Hæstaréttar í máli 214/1978

15. júlí 1997
- Fyrstu endurupptökubeiðni Sævars synjað í Hæstarétti

18. mars 1999
- Annarri endurupptökubeiðni Sævars synjað í Hæstarétti

20. júní 2000
- Endurupptökubeiðni Erlu Bolladóttur synjað í Hæstarétti
- Dagbækur Tryggva finnast
- Fangelsisdagbækur koma í ljós

21. mars 2013
- Starfshópur innanríkisráðherra skilar skýrslu

20. febrúar 2013
- Endurupptökunefnd sett á fót með lagabreytingu

26. júní 2014 – 31. mars 2015
- Beiðnir um endurupptöku lagðar fram

17. desember 2017
- Settur saksóknari leggur fram beiðni fyrir Kristján Viðar

24. febrúar 2017
- Endurupptökunefnd fellst á beiðnir allra nema Erlu

22. ágúst 2017
- Nýtt mál skráð með númeri 521/2017 hjá Hæstarétti

22. desember 2017
- Settur saksóknari skilar ágripi til Hæstaréttar

21. febrúar 2018
- Settur saksóknari skilar greinargerð með sýknukröfum.

20. maí 2018
- Verjendur skila greinargerðum
- ☐ Hæstiréttur setur málið á dagskrá og ákveður málflutningsdag
- ☐ Kröfur um að dómari víki sæti, ef ástæða er til
- ☐ Málflutningur í Hæstarétti
- ☐ Formhlið mögulega könnuð
- ☐ Dómur lagður á málið
- ☐ Bótakröfur settar fram

FLOREALIS

Náttúruleg vörn gegn óþægindum á kynfærasvæði

Rosonia og Liljonia frá Florealis byggja á vísindalegum grunni og hafa viðurkennda virkni gegn kláða, sviða og bólgum á ytra kynfærasvæði og í leggöngum.

Rosonia og Liljonia má nota saman ef einkenni eru bæði á ytri og innri kynfærum.

Sjá meira á florealis.com

Liljonia
Hylki í leggöng

Rosonia
Froða fyrir ytri kynfæri

RENAULT
Passion for life

Renault **Clio**

ÍSLANDSMEISTARINN Í SPARAKSTRI

KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CLIO Í NÝRRI OG SPENNANDI ÚTFÆRSLU

Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistaranum í sparakstri 2017 í nýrri spennandi útgáfu og þú kemst að raun um að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.

RENAULT CLIO
DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN 3,4 L/100 KM*

VERÐ: 2.550.000 KR.

E F

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytiseyðslu í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM86846

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Hryllingurinn heldur áfram í Sýrlandi

Sprengjum rigndi enn á íbúa Austur-Ghouta í gær og fórust tugir. Öryggisráðið ræðir um þrjátíu daga vopnahlé. Stríðið í Sýrlandi verður sífellt flóknara og fleiri aðilar dragast inn í átökin.

Enn eitt barnið fær meðferð á bráðabirgðasjúkrahúsi í Austur-Ghouta eftir loftárásir Assad-liða. NORDICPHOTOS/AFP

SÝRLAND Loftárásir á Austur-Ghouta í Sýrlandi héldu áfram í gær og rigndi sprengjum úr flugvélum hermanna á bandi Bashars al-Assad Sýrlandsforseta yfir uppreisnarmenn og almenna borgara. Meðal annars var ráðist á bæinn Douma þar sem að minnsta kosti 46 fórust. Að minnsta kosti 403 hafa farist í þessari hrinu árásanna sem hófst á sunnudag og var tæplega helmingur á barnsaldri að því er bresku samtökin Syrian Observatory for Human Rights greina frá.

Aukinn þungi færðist í árásir stjórnarhersins og annarra bandamanna Assads á Austur-Ghouta á sunnudag en svæðið er síðasta stóra vígi uppreisnarmanna nærri höfuðborginni Damaskus og umkringt landsvæðum undir yfirráðum ríkisstjórnarinnar. Eru því um 400.000 almennir borgarar innlyksa í Austur-Ghouta og líða þeir mikinn skort. Í árásum undanfarinna daga hafa sprengjur til að mynda hæft á annan tug sjúkrahúsa.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fundaði í gær og ræddi drög að ályktun um þrjátíu daga vopnahlé í Sýrlandi. Vassily Alekseevich Nebenzia, fulltrúi Rússa í ráðinu, sagði á fundinum að ekki væri hægt að samþykkja drögin óbreytt.

Drögin gera ráð fyrir vopnahléi þremur sólarhringum eftir samþykkt og að það myndi ekki ná til ISIS, al-Kaída og al-Nusra. Rússar, helstu bandamenn Assad, vilja hins vegar að það nái ekki heldur til Tahrir al-Sham, hreyfingar með tengsl við al-Kaída sem fyrirfinnst í Austur-Ghouta. Austur-Ghouta telst nú þegar átakalaust svæði með þessari sömu undantekningu og Rússar krefjast. Þrátt fyrir það hafa Assad-liðar almennra borgara í Austur-Ghouta og segja uppreisnarmenn að Assad-liðar noti undantekninguna sem afsökun fyrir frekari árásum.

Stríðið er þó víðar en í Austur-Ghouta þótt árásahrinan á íbúa héraðsins sé á meðal þeirra verstu í sjö ára sögu styrjaldarinnar. BBC birti í gær greiningu á stríðandi fylkingum á svæðinu og kemur þar fram að ríki sem liggja að Sýrlandi óttist sum mjög að dragast inn í stríðið. Í viðtali við miðilinn sagði Abbas Aragchi, aðstoðarutanríkisráðherra Írans, að óttinn við að enn stærra stríð brjótist út sé allsráðandi í þessum heimshluta.

Íranar og Rússar eru þau tvö utanaðkomandi ríki sem hafa einna mest bein afskipti af gangi mála í Sýrlandi. Bæði ríkin styðja ríkisstjórn Assads og hafa sent hermenn til að berjast í átökunum. Íranar og Rússar hafa með þátttöku sinni aukið umsvif sín á sviði heimsstjórnmálanna allverulega. Til samanburðar hafa Bandaríkjamenn enn sem komið er ekki skorist í leikinn að fullu og sagði blaðamaður BBC að því hefðu þeir ekki náð að hafa teljandi áhrif á gang mála.

Líkt og venjulega þegar Íranar taka þátt í átökum með beinum eða óbeinum hætti eru Sádi-Arabar á hinum endanum. Þeir styðja uppreisnarhreyfinguna og er um að ræða enn eitt leppstríðið í köldu stríði ríkjanna. Þau eiga eða hafa einnig átt í leppstríðum í Jemen, Barein, Írak, Afganistan, Pakistan, Katar og Líbanon.

Með innrás sinni í Afrin-hérað Sýrlands fyrr á árinu hefur þátttaka Tyrkja aukist til muna. Þar leitast þeir við að hrekja sveitir sýrlenskra Kúrda á brott úr héraðinu. Bandaríkjamenn standa þó með Kúrdum og eru deilurnar flóknar því allir aðilar eru samherjar í baráttunni gegn ISIS og Bandaríkjamenn og Tyrkir eru í þokkabót samherjar í Atlantshafsbandalaginu. Til þess að bæta stöðu sína hafa Kúrdar svo beðið stjórnarherinn um aðstoð en Kúrdar hafa hingað til verið mótherjar Assad-liða.

403

hafa farist í árásum Assad-liða á Austur-Ghouta frá því á sunnudag.

thorgnyr@frettabladid.is

UPPBOÐ
á ýmsum munum
Vörumiðstöð Samskipa, laugardaginn 24. febrúar kl. 11.00

Uppboðið verður haldið af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu í aðstöðu vörumiðstöðvar Samskipa, Kjalarvogi 7-15 Reykjavík. Gengið er inn um inngang milli hurða 22 og 23 sem merktur er **„móttaka fyrir vörumiðstöð“**. Vara verður afhent við hurð 9.

- Electricial Sauna Heater
- Fatnaður og skór
- Skrúfur
- Sófar
- Fjórhjól
- Borvélar og vinnubúkkar
- Grillvörur
- Gervihnattadiskur ósamsettur
- Bækur
- Ýmis heimilis- og gjafavara
- Smíðavélar
- Sjónvörp og hátalarar
- Eldhúsáhöld fyrir iðnaðareldhús
- Hjól og barnastóll á reiðhjól
- Kaffivélar
- Straubretti
- Kerti
- Handklæði
- Mixer 24 rása
- Leikföng
- Ýmislegt fleira

Einungis peningar eða debetkort tekin gild sem greiðsla – ekki kreditkort.

Greiðsla við hamarshögg.

samskip

Kostnaðarsöm starfslok stjórnenda Skeljungs

VIÐSKIPTI Breytingar á skipulagi og framkvæmdastjórn Skeljungs á síðasta ári, sem fólu meðal annars í sér að skipta um forstjóra og fækka framkvæmdastjórum um tvo, kostuðu fyrirtækið á annað hundrað milljónir samkvæmt nýbirtum ársreikningi olíufélagsins.

Valgeir M. Baldursson.

Hendrik Egholm settist í forstjórastól Skeljungs 1. október síðastliðinn í stað Valgeirs M. Baldurssonar. Tilkynnt var um starfslok Valgeirs í byrjun september í fyrra en tæpri viku síðar var tilkynnt um ráðningu hans sem framkvæmdastjóra fjárfestinga og reksturs hjá tryggingafélaginu VÍS.

Í yfirliti yfir laun og hlunnindi stjórnenda Skeljungs kemur fram að laun Valgeirs hafi á síðasta ári numið 103 milljónum króna samanborið við 44 milljónir árið 2016. Skýringin við laun forstjórans fyrrverandi er að gjaldfærð hafi verið áætluð laun og launatengd gjöld vegna starfsloka hans. Miðað við laun forstjórans árið áður nam kostnaður við starfslok hans 59 milljónum, eða sem nemur mánaðarlaunum hans í um 16 mánuði. Gjaldfærður kostnaður vegna starfsloka framkvæmdastjóranna tveggja, miðað við fyrra ár, nam samtals 73 milljónum. Alls nam því kostnaður Skeljungs vegna starfsloka stjórnendanna um 132 milljónum króna.

Fram kemur í ársreikningnum að 97 milljónir króna vegna starfsloka forstjórans fyrrverandi og framkvæmdastjóranna tveggja hafi verið ógreiddar í árslok 2017.

Skeljungur hagnaðist um 1.143 milljónir í fyrra samanborið við 1.262 milljónir árið 2016 en afkoman er sögð lituð af einskiptiskostnaði vegna breytinga í rekstri sem samtals hafi numið 248 milljónum króna á árinu. **– smj**

Banaslys enn í rannsókn

FLUGMÁL Tvö banaslys sem urðu í flugi hérlendis á árinu 2015 eru enn til meðferðar hjá flugsviði rannsóknarnefndar samgönguslysa. Einn maður lést er ferjuflugvél brotlenti í Barkárdal í ágúst 2015 og tveir fórust með kennsluflugvél í Kapelluhrauni í nóvember sama ár.

Þorkell Ágústsson rannsóknarstjóri segir að Barkárdalsmálið, þar sem flugmaðurinn komst lífs af, sé lengra komið. Rannsóknarnefndin sé nú með drög að skýrslu um málið til meðferðar. Meðferð slyssins í Kapelluhrauni sé skemmra komin. „Það er næst á dagskrá á eftir þessari. Það eru drög að skýrslu í vinnslu sem verða síðan lögð fyrir nefndina,“ segir Þorkell. **– gar**

Við björgunarstörf vegna flugslyss í Kapelluhrauni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjórhjóladrifinn með sjálfstraustið í genunum.

Nýr T-Roc. Nýjasta stjarnan frá Volkswagen.

Nýr T-Roc geislar af öryggi og akstursgleði, fæst bæði fjórhjóla- og framhjóladrifinn, beinskiptur og sjálfskiptur. Hann er búinn nýjustu tækni og búnaði sem breytir akstrinum í eitthvað ómótstæðilegt. Komdu og prófaðu nýjan T-Roc sem gerir allt vitlaust hvar sem hann kemur.

Volkswagen T-Roc
Verð frá aðeins
3.290.000 kr.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Við látum framtíðina rætast.

Volkswagen

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

FRÉTTABLAÐIÐ

SKOÐUN

Staðreyndir

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Sala á Arion banka hefur ekki gengið þrautalaust fyrir sig. Stjórnmálin hafa þar ekki hjálpað til. Í tvígang hafa orðið óvænt stjórnarslit, og í kjölfarið kosningar, sem settu söluferlið í frost um talsverðan tíma. Nú hillir hins vegar undir útboð og skráningu. Þótt stundum mætti halda annað þá er söluferlið, sem grundvallast á stöðugleikaskilyrðum sem stjórnvöld settu kröfuhöfum, hvorki sérlega flókið né óljóst enda þótt margir hafi lagt sig fram um að rugla umræðuna.

Staðreynd eitt. Með afkomuskiptasamningi er tryggt að það eru sameiginlegir hagsmunir kröfuhafa Kaupþings og ríkisins að sem hæst verð fáist fyrir Arion banka. Ef til væru þeir fjárfestar sem vildu greiða hærra verð fyrir bréf í bankanum þá myndi stjórn Kaupþings augljóslega selja þeim þau – það myndi þýða meiri endurheimtur til allra hagsmunaaðila. Fyrir liggur að stærstu stofnanafjárfestar landsins, lífeyrissjóðir, voru ekki reiðubúnir að kaupa á sama gengi og vogunarsjóðir og Goldman Sachs keyptu á fyrir um ári. Þeir taka því ekki undir þá skoðun að verið sé að selja á undirverði.

Staðreynd tvö. Áætlun um afnám hafta snerist aldrei um það að stjórnvöld myndu í kjölfarið fara fyrir „endurskipulagningu fjármálakerfisins“. Þvert á móti þá var hugsunin sú, með því að fela kröfuhöfum það verkefni að koma bankanum í verð innan tiltekins tíma en um leið að söluandvirðið færi að mestu til ríkisins, að flýta fyrir skráningu íslensks banka á markað sem yrði í dreifðri eigu erlendra og innlendra fjárfesta. Þótt það hafi tekið lengri tíma en vonir stóðu til þá er það nú að raungerast.

Staðreynd þrjú. Ríkið hefur ekki sjálfdæmi um það að nýta sér mögulegan forkaupsrétt að hlut í bankanum og þá mun hann falla niður við opið útboð. Þær aðstæður hafa aldrei komið upp að viðskipti hafi verið með hlut í bankanum á gengi, sem er undir 0,8 miðað við eigið fé síðasta endurskoðaðs ársreiknings, sem hefði virkjað forkaupsréttinn. Til að tryggja heildarhagsmuni ríkisins, meðal annars hvað varðar ákvæði forkaupsréttarins, þá hefur ríkið sérstakan tilsjónarmann með söluferli Kaupþings með víðtækar heimildir til eftirlits.

Staðreynd fjögur. Kaupþing átti fortakslausan kauprétt að 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka á fyrirfram ákveðnu verði. Ætla mætti að flestum væri ljóst mikilvægi þess að íslenska ríkið virði jafn skýr og ótvíræð samningsbundin réttindi fjárfesta. Þá er verðið, rúmlega 23,4 milljarðar, afar ásættanlegt út frá flestum mælikvörðum og er ríkið að fá miklum mun meiri ávöxtun en ríkissjóðir annarra Evrópuríkja við fyrstu sölu á hlut þeirra í viðskiptabanka eftir fjármálakreppuna.

Það sem mestu máli skiptir er þetta. Ríkið getur augljóslega ekki átt allt bankakerfið með þeirri áhættu sem því fylgir. Eigi að takast að koma bönkunum úr ríkiseigu þarf að selja þá í alþjóðlegum útboðum. Unnið er eftir slíku plani samkvæmt forskrift stöðugleikaskilyrðanna. Nú heyrast hins vegar raddir frá stjórnmálamönnum að víkja eigi frá því, brjóta samningsákvæði sem ríkið hefur undirgengist og leysa til sín þriðja bankann. Með öðrum orðum, að braska með banka á ábyrgð skattgreiðenda. Það má ekki gerast.

Með öðrum orðum að braska með banka á ábyrgð skattgreiðenda. Það má ekki gerast.

Varmadælur & loftkæling

Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins
kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og
20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Halldór



Frá degi til dags

Norskur lýðveldislax

Einar K. Guðfinnsson tók sem kunnugt er við formennsku Landssambands fiskeldisstöðva eftir að þingmennsku lauk. Hann fer einnig fyrir nefnd á vegum Alþingis um undirbúning hátíðarhalda um hvernig minnast skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands á þessu ári þegar fullveldið verður 100 ára. Þetta þykir nokkuð spaugilegt þegar haft er í huga að stærstu laxeldisfyrirtækin hér á landi eru að drjúgum hluta í eigu norskra aðila. Einar sé því í baráttu fyrir umdeildu landnámi Norðmanna og eldisfiska í íslenskum fjörðum á meðan hann sinnir í hjáverkum undirbúningi mikillar fullveldisveislu þjóðarinnar.

Heilög fjármál

Biskupsstofa hefur auglýst eftir verkefnastjóra á fjármálasviði. Sjálfsagt tímabært þar sem fjársýsla embættisins hefur verið umtalsvert í umræðunni undanfarið. Fjármálastjórinn á meðal annars að hafa umsjón með „launavinnslu og útborgun launa“ og halda utan um ferðareikninga. Þá falla samskipti við starfsmenn, stjórnendur, lífeyrissjóði, stéttarfélög og opinbera aðila undir verkefnisstjórann. Góð samskiptafærni er meðal hæfniskrafna þannig að fjölmiðlum væri án efa kærkomið ef viðkomandi tæki einnig að sér samskipti Biskupstofu við þá þar sem jafnan reynist þeim erfiðara að fá þaðan upplýsingar en auðmanni að komast inn í Guðs ríki.

thorarinn@frettabladid.is

Ógnin við lífríki fjarðanna



Bubbi Morthens
tónlistarmaður

Þá hefur það skeð sem hefur verið varað við og sagt að myndi gerast, þótt laxeldismenn hafi fullyrt að það myndi ekki gerast. Laxeldiskvíi sekkur hjá Arnarlaxi með 500 tonnum af eldislaxi. Þetta er ekkert smá. En enginn tilkynnti Umhverfisstofnun um slysið heldur þurftu yfirvöld að senda pósta: Við vorum að frétta að sokkið hafi hjá ykkur 500 tonna kví. Já, sæll!

Koma hingað til að græða

Það er vitað að þetta mun gerast aftur og aftur og Norðmenn, sem eiga flestallar kvíar hér á landi, flúðu Noreg hingað til Íslands undan harðnandi eftirlitskerfi heima fyrir. Þeir koma hingað til þess að græða milljarða, fara með arðinn úr landi og skilja eftir drullu og svínarí. Skemma lífríkið án eftirlits eins og nú kemur í ljós, því það er í raun það sem laxeldi í sjókvíum gerir, það er staðreynd.

Þegja þunnu hljóði

Þeir tilkynna ekki um leið og slys verður heldur þegja þunnu hljóði, samt er tekið fram í starfsleyfi þeirra að það þurfi að tilkynna um slys til Matvælastofnunar, Fiskistofu og Umhverfisstofnunar um leið og það gerist.

Það næsta sem heimamenn gætu séð væri það að verksmiðjuskip komi hingað og dæli laxinum um borð og fari með hann beint á markað. Hvað verður þá um öll störfin og loforðin?

Borgar sig frekar að menga

Lífríkinu á Íslandi stendur gríðarleg ógn af sjókvíaeldi. Firðir munu eyðileggjast, lífríkið mun verða fyrir tjóni sem er af stærðargráðu sem við höfum ekki séð áður.

Allt laxeldi á að fara í land. Vandamálið er bara að aurgoðarnir tíma því ekki. Það borgar sig frekar að menga.

Allt laxeldi á að fara í land. Vandamálið er bara að aurgoðarnir tíma því ekki. Það borgar sig frekar að menga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Jöfn en ólík

Í DAG

Þórlindur Kjartansson

Stór hluti karlmanna sinnir nú til dags störfum sem reyna lítið á líkamlegt þrek og aflsmuni. Það er því ekki óalgengt að skrifstofumenn finni sér áhugamál sem hafa karlmannlegra yfirbragð heldur en hversdagsstörfin; til dæmis veiði og fjallamennska.

Í fyrsta skipti sem ég fór í laxveiði náði ég tveimur stórum löxum. Annar var fjórtán pund og hinn var sjö pund. Þessi góða byrjun á veiðiferlinum gaf frábær fyrirheit um að þarna hefði ég fundið heppilega útrás fyrir þá þörf að stunda karlmannleg áhugamál, til mótvægis við tölvupikkið og fundablaðrið sem ég var annars dæmdur til á daginn.

Aflinn var settur í plast og komið fyrir í skottinu á bílnum þegar ég keyrði af stað aftur til Reykjavíkur. Þá gerðist dálítið skrítið. Þar sem ég keyri inn í borgina þá finn ég óstöðvandi löngun til þess að koma við á vinnustað unnustu minnar. Og þegar þangað er komið tilkynni ég um komu mína og heimta að hún afsaki sig frá fundarhöldum sem hún var upptekin í, og komi niður á bílastæði. Þegar hún loksins lét til leiðast og kom út þá leiddi ég hana að bílnum, opnaði skottið með viðhöfn og sýndi henni fiskana tvo sem ég hafði veitt.

Henni fannst þetta frekar furðulegt uppátæki en sagði fátt. Og satt best að segja skildi ég ekkert í sjálfum mér að hafa gert þetta—þetta var algjörlega ósjálfráð hegðun. Sennilegasta skýringin er að þarna hafi eðlisávísun mín tekið völdin; og kannski hennar líka, því stuttu seinna vorum við orðin hjón.

Að sýna stélfjaðrirnar

Þótt mannkynið hafi þróast mikið á undanförnum tvö hundruð þúsund árum, og sloppið í ýmsum skilningi út úr ríki náttúrunnar—þá er það samt staðreynd sem ekki verður umflúin að undir allri siðmenningunni erum við ennþá lifandi skepnur, lífmassar sem stýrast að ýmsu leyti af sömu frumstæðu hvötunum og þörfum eins og önnur lifandi dýr. Við þurfum skjól og fæði, við þurfum tilgang og verkefni—og við þurfum að tilheyra hópi sem við treystum á. Ofar öllum öðrum þörfum og hvötum trónir þó líklega hin líffræðilega þörf að viðhalda stofninum með því að koma erfðaefni áfram til næstu kynslóða—eða að minnsta kosti að gera okkur líkleg til þess.

Þótt það skilji mannfólkið frá dýrunum að við höfum oftast taumhald á frumstæðustu hvötunum þá þarf ekki að leita lengra heldur en til náttúrulífsmynda til þess að skýra sitthvað í hegðun og atferli okkar mannanna.

Eitt af því áhugaverðasta í dýralífsmyndum er vitaskuld mökunarleikir dýranna. Í þeim efnum er hugvitsemi náttúrunnar stórfengleg. Algengast er að karldýrin þurfi að leggja mikið á sig til þess að ganga í augun á kvendýrunum; ýmist með því að sýna gagnslausa hæfileika sína og fegurð eða með því að sanna styrk sinn og yfirburði í slagsmálum við önnur karldýr. Kvendýrin velja en karldýrin gera sig að fífli.

Að vera karlmaður ... ekkert mál

Sem betur fer er mannfólkið að mestu leyti siðfágaðra heldur en villt dýr í náttúrunni. Engu að síður er erfitt að þurrka algjörlega út úr hegðunarmynstri dýrategundar milljóna ára þróunarsögu. Allir strákar vilja stundum fá að líta hetjulega út í augum sinnar heittelskuðu; og þetta eldist ekki endilega af manni því allir karlmenn hafa gaman af því að skrúfa lok af sultukrukkum, bakka bílum í þröng stæði og finna út úr því í erlendum stórborgum í hvaða átt næstu H&M verslun er að finna.

En staðreyndin er sú að fyrir karlmenn nútímans eru tækifærin til þess að sýna stélfjaðrirnar heldur fá og fátækleg. Og í ofanálag þá þykir margt af því sem áður þótti merkilegt við það að vera karlmaður—eins og að bera áburðarpoka, bora í vegg og skipta um dekk á vörubíl—bara alls ekki lengur vera neitt mál, og fjölmargt af því sem áður var hluti af samþykktri hegðun er nú til dags nánast álitið glæpsamlegt. Það er bæði gott og slæmt.

Fjölmargar vísbendingar eru uppi um að í velmegunarríkjum Vesturlanda eigi strákar erfitt uppdráttar. Strákar eiga erfiðara í skólum, þeim gengur verr og líður verr en stúlkum. Fjölmörg samfélagsleg vandamál herja þar að auki í auknum mæli á unga karlmenn; þeir eru líklegri en stúlkur til þess að festast í tölvuleikjum, verða þunglyndir, missa starfsgetu og jafnvel sjálfan lífsviljann. Það mun meira að segja þekkjast að ungir karlmenn séu orðnir svo fráhverfir sjálfu lífinu að þeir velji frekar nettengda einveru heldur en að eignast kærustur, sem þó hefur lengstum verið yfirþyrmandi markmið unglingsdrengja.

Hallærisleg aflasýning

Samfélagið hefur á síðustu áratugum náð miklum árangri við að snúa við kynbundnu óréttlæti; hvort sem það er í formi ójafnra réttinda, tækifæra eða ruddaskap-

Það var vissulega ákaflega hallærislegt hjá mér að heimta að sýna kærustunni tvo dauða og slímuga laxa í skottinu á bílnum mínum. En undir allri siðfáguninni erum við líka lifandi verur sem þurfum stundum að hafa leyfi til þess að sinna eðlisávísun okkar, innan marka laga og velsæmis, og njóta þess að vera ólík—þótt við séum jöfn.

ar og ofbeldis. Það er svo sannarlega gleðiefni að lifa á tímum þar sem þessar breytingar eru að eiga sér stað. En það er mikilvægt að líta ekki algjörlega framhjá því í allri umræðunni um hlutverk og samskipti kynjanna—að víst erum við að ýmsu leyti ólík; karlar og konur. Það er hluti af hundraða þúsunda ára þróunarsögu mannsins að karlmenn taki upp á furðulegustu hlutum til þess að ganga í augun á stelpum og alla tíð hafa samskipti kynjanna verið flókin og stundum full af misfellum og mistökum. Þannig er lífið.

Það var vissulega ákaflega hallærislegt hjá mér að heimta að sýna kærustunni tvo dauða og slímuga laxa í skottinu á bílnum mínum. En undir allri siðfáguninni erum við líka lifandi verur sem þurfum stundum að hafa leyfi til þess að sinna eðlisávísun okkar, innan marka laga og velsæmis, og njóta þess að vera ólík—þótt við séum jöfn.

Öll eggin – eða hvað?

Kristján Þór Davíðsson framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva

Á nægjuleg er fréttin um mannfjöldaþróun á Vestfjörðum á bls. 6 í Fréttablaðinu þann 18. febrúar. Hundruð nýrra starfa, hundruð milljóna í auknar skatttekjur, ungt fólk flytur til baka í fjölbreytt störf, skólar og leikskólar fyllast af börnum og áfram mætti telja.

Sérkennilegt er að Magnús Guðmundsson, menningarritstjóri blaðsins, sér ástæðu til að vara við orsökinni undir fyrirsögninni „Öll eggin“, sem er raunar þvert á leiðarstef höfundar: „Þó svo að laxeldi hafi haft jákvæð áhrif á atvinnulíf og byggðir Vestfjarða“ er ekkert víst að „hið sama þurfi að henta öðrum svæðum,“ segir hann.

Ekki verður annað séð en að hann vilji halda óbreyttu ástandi, öll eggin í þá körfu sem þegar er til staðar, varar við fiskeldi sem nýjum atvinnuvegi og skiptir engu þótt það hafi þegar sannað sig annars staðar.

Annar tónn

Í grein Gauta Jóhannessonar, sveitarstjóra Djúpavogshrepps, í Fréttablaðinu 15. ágúst sl. er annar tónn, enda höfundur nær vettvangi og fróðari um aðstæður fyrir austan. Hann telur áhrifin verða gríðarleg á mannlíf og atvinnuuppbyggingu í Fjarðabyggð og Djúpavogshreppi. Enda ungt fólk og vel menntað þegar farið að flytja heim á ný, rétt eins og fyrir vestan.

„Hófsemi og stöðugleiki“ eru heillavænlegri dreifbýlisbúum en þessi atvinnuuppbygging að mati leiðarahöfundar. Að fiskeldi bætist við sem ný stoð í atvinnulífi brothættra byggða er honum þyrnir í augum.

Hann lætur liggja á milli hluta að fiskeldi er þegar útilokað við meginhluta strandlengjunnar. Einnig það að áhættumat sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar sýnir að erfðablöndunarhætta eldis- og villtra laxa er sáralítil og staðbundin og langt innan marka í öllum ám við allt að 71.000 tonna árlegt eldi á Vestfjörðum og Austfjörðum. Og einnig það að varfærið burðarþolsmat sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar segir að þau fáu svæði þar sem laxeldi er leyft þoli a.m.k. 130.000 tonna árlegt eldi, án þess að náttúran láti á sjá.

Að útreikningar Byggðastofnunar sýni þúsundir starfa og milljarða tekjuaukningu einstaklinga og sveitarfélaga með uppbyggingu fiskeldis vegur heldur ekki þungt í huga leiðarahöfundar.

Að fiskeldiskvíar er ekki hægt að færa burt eins og kvóta telur heldur ekki mikið, þótt margir íbúar þorpa á landsbyggðinni kannist vel við það.

Andstæðinga eldis segir hann benda á að nægja og fjölbreytta atvinnu sé að hafa á laxeldissvæðunum; sjómennska, fiskverkun og jafnvel hótel, hvað viljiði meira? Og ekki þarf að hafa áhyggjur af atvinnu fyrir brottflutta, eða hvað? Magnús kallar sjálfan sig og aðra andstæðinga laxeldisáforma náttúruunnendur en við hin, sem erum fylgjandi einni vistvænstu matvælaframleiðslu sem völ er á, leiðum huga hans að olíukóngum og banksterum. „Framfarir eru fallegt orð. En breytingar eru hvati þeirra og breytingar eiga sér óvini.“

Í alls óskyldum leiðara fyrir skömmu vitnar Magnús í þessi orð Roberts F. Kennedy.

Það skyldi þó aldrei vera skýringin á því að umfjöllunin er jafn sorglega einhæf og raun ber vitni. Eða hvernig á annars að skýra það að hann telji uppbyggingu vistvæns fiskeldis, sem er opinber stefna stjórnvalda að framkvæma í sátt við náttúruna, í samræmi við ströngustu kröfur og ráð vísindamanna, undir stöðugu eftirliti sérfræðinga skipulags-, matvæla- og umhverfisyfirvalda, ganga gegn fjölbreyttum atvinnuháttum og skynsamlegri nýtingu náttúrunnar?



Vildi hætta á mínum forsendum

Logi Gunnarsson kveður íslenska landsliðið í körfubolta um helgina þegar hann leikur síðustu leiki sína, átján árum eftir að hafa þreytt frumraun sína. Hann segir Eurobasket-ferðirnar standa upp úr og þar sérstaklega leikinn gegn Tyrkjum.

Logi smellir niður stórum þristi á lokakafla leiksins gegn Tyrkjum á Eurobasket 2015 í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KÖRFUBOLTI Logi Gunnarsson leikur um helgina síðustu landsleiki sína fyrir Íslands hönd þegar karlalandsliðið í körfubolta mætir Finnum og Tékkum í Laugardalshöll.

Með því lýkur 18 ára landsliðsferli sem hófst gegn Noregi í ágúst árið 2000. Þetta verða 146. og 147. landsleikir hans á ferlinum en hann er fjórði leikjahæsti körfuboltamaðurinn í sögu A-landsliðsins.

Átján ár farin að taka sinn toll

Logi, sem verður 37 ára á árinu, er feginn að þurfa ekki að ferðast á milli leikja.

„Ég er feginn að þetta eru tveir heimaleikir í röð því það er ekkert sjálfsagt að lenda í því. Auðvitað vill maður kveðja liðið á góðum nótum, helst með tveimur sigurleikjum, og ég veit að strákarnir munu gefa allt í þetta," segir Logi sem segir ákvörðunina ekki auðvelda:

„Það eru margir þættir sem spila inn í þetta, skrokkurinn er farinn að kalla eftir meiri hvíld auk þess sem maður hefur tekið ansi mikinn tíma í þetta. Þetta eru átján ár og körfuboltinn hefur tekið mikið af þeim frítíma sem maður á að fá með fjölskyldunni. Ég finn alveg að allt þetta álag eftir leiki og æfingar er farið að taka sinn toll."

Tyrkjaleikurinn stendur upp úr

Logi vildi yfirgefa liðið á eigin forsendum frekar en að gera það of seint.

„Mér finnst líka jákvætt að yfirgefa liðið á mínum forsendum, ég tel að ég hafi ennþá eitthvað fram að færa fyrir liðið í stað þess að vera of lengi. Ég hef haldið mér vel við þótt ég hafi verið ansi lengi að," en það var ekki erfitt að rifja upp hápunktana.

„Þegar ég lít til baka á báðar ferðirnar okkar á Eurobasket stendur það upp úr, að mæta öllum stærstu þjóðunum í Evrópu en efst á lista situr Tyrkjaleikurinn þar sem maður átti góðan leik og hitti úr eftirminnilegu skoti," segir Logi brosandi er hann rifjar upp skotið sem kom Íslandi í framlengingu gegn Tyrkjum á Eurobasket 2015.

Komið að öðrum að taka við

Logi hefur ekki áhyggjur af því að skilja við liðið á þessari stundu en hann á von á að komandi kynslóðir muni ná langt.

„Við erum að fá frábæra kynslóð upp sem maður vill ekki halda aftur af, íslenska landsliðið er í góðum höndum upp á framtíðina að gera með þessa stráka og svo eru enn fleiri að koma upp," segir Logi sem segir að það myndi ekki koma á óvart að fleiri leikmenn myndu fylgja honum út úr liðinu eftir þessa keppni:

„Ég held að það sé auðveldara að taka þessa ákvörðun núna, vitandi að næsta kynslóð er tilbúin að taka við verkefninu sem bíður. Það hefur ákveðinn kjarni myndast, Haukur, Hörður, Martin og fleiri sem eru búnir að vera með okkur í þessu síðustu ár og þeir munu leiða þessa ungu áfram. Það styttist í að menn-irnir á mínum aldri fari að tínast úr hópnum," segir Logi en leikur Íslands og Finnlands hefst klukkan 19.45 í Laugardalshöll í kvöld.

kristinnpall@frettabladid.is

> Logi hefur verið ótrúlegur fyrir þetta lið, hann er alltaf lengst af öllum á æfingum. Ég þurfti nánast að draga hann inn af æfingu áðan en hann vildi fá að sýna ungu strákunum hvernig ætti að gera þetta.
>
> Craig Pedersen, þjálfari landsliðsins um Loga

1.473

stig í 145 landsleikjum eða 10,2 stig að meðaltali í leik.

Leikjahæstu leikmenn A-landsliðskarla

Guðmundur Bragason	169 leikir
Valur Ingimundarson	164 leikir
Jón Kr. Gíslason	158 leikir
Logi Gunnarsson	145 leikir

Miðaúthlutun fyrir HM hafin

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Íslands sendi frá sér tilkynningu þar sem einstaklingar sem sóttu um miða á Heimsmeistaramótið í knattspyrnu í Rússlandi voru minntir á að fylgjast með tölvupósti sínum næstu daga. Alþjóðaknattspyrnusambandið er byrjað að úthluta miðum fyrir mótið í sumar en vitað er um dæmi þess að FIFA hafi mistekist að skuldfæra af kreditkortum miðakaupenda. KSÍ segir frá því í tilkynningunni að úrræði sé við því ef fólk hafi sótt um miða en kortavandræði hafi komið í veg fyrir kaupin en úrræðin birtist þegar einstaklingarnir fá tölvupóst með frekari leiðbeiningum. **– kpt**

> Tæplega 53.000 umsóknir um miða bárust frá Íslandi.

Valdís Þóra lék frábærlega á fyrsta hring og fékk sex fugla. MYND/LET

Valdís byrjaði af krafti í Bonville

GOLF Valdís Þóra Jónsdóttir deildi öðru sæti á Australian Open Classic-mótinu í golfi eftir fyrsta hring í Bonville í Ástralíu en mótið er hluti af LET-mótaröðinni, næststerkustu mótaröð heims. Valdís lék frábært golf á fyrsta hring, fékk sex fugla og tvo skolla á hringnum en hún er tveimur höggum á eftir enska kylfingnum Holly Clyburn sem setti vallarmet er hún kom í hús á sex höggum undir pari. Í viðtali eftir hringinn kvaðst Valdís ánægð með fyrsta hringinn fyrir utan þrípútt á átjándu holu vallarins. Annar hringurinn var leikinn í nótt en hægt er lesa um hann á vef Fréttablaðsins. **– kpt**

ILVA

MALLORCA-BORÐ
NÚ 74.925
SPARAÐU 24.975

MEYER-STÓLL
NÚ 10.425
SPARAÐU 3.475

25%
afsláttur af ÖLLUM
BORÐUM OG STÓLUM

Gildir á meðan birgðir endast
Lokadagur 28. febrúar

MALLORCA-borð. Hvít borðplata, svartir fætur. 90x160 cm. 99.900 kr.
Nú 74.925 kr. Sparaðu 24.975 kr.
MAYER-stóll. Svartur. 13.900 kr.
Nú 10.425 kr. Sparaðu 3.475 kr.

LINK-borðstofustóll. Hvítur, grár eða svartur með krómfótum. 12.900 kr. Nú 9.675 kr.
Sparaðu 3.225 kr.

BARI-hægindastóll. Grátt áklæði. 79.900 kr. Nú 59.925 kr. Sparaðu 19.975 kr.
BARI-skemill. Grátt áklæði. 19.900 kr. Nú 14.925 kr. Sparaðu 4.975 kr.



NOVARA-sófaborð. Reyklituð eik. Ø70 cm. 27.900 kr.
Nú 20.925 kr. Sparaðu 6.975 kr.

DOVER-sófaborð. Hvít plata með svörtum fótum. 78x68x44 cm.
19.900 kr. Nú 14.925 kr.
Sparaðu 4.975 kr.

BLOCK-sófaborð. 3 í setti.
42x42x42 cm. 49.900 kr.
Nú 37.425 kr. Sparaðu 12.475 kr.

MOON-skrifborðsstóll, junior. Ýmsir litir. 9.900 kr.
Nú 7.425 kr. Sparaðu 2.475 kr.

JUPITER-skrifborðsstóll. Grár eða dökkgrár.
24.900 kr. Nú 18.675 kr. Sparaðu 6.225 kr.

WRITEX-skrifborð. Svart.
60x120 cm. 39.900 kr.
Nú 29.925 kr. Sparaðu 9.975 kr.

TREE TREE-skrifborð. Hvít plata, eikarfætur. 60x120 cm. 34.900 kr.
Nú 26.175 kr. Sparaðu 8.725 kr.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

Calavo avocado frá Mexico

Vinsælasta avocado í Mexico.
2 stk í pk. 500 g

599 kr/pk

NÝJUNG

Santa Maria

Chapati brauð, Ginger & chilli spices og Lemon Chutney.

NÝJUNG

Santa Maria

Coconut & pepper tortilla, Jamaican Jerk spices og Mango sauce

NÝJUNG

RX FitAid og FitAid

Fyrir og eftir æfinguna

279 kr/stk

Cedar´s hummus

Gómsætur og bráðhollur hágæða hummus

verð frá 399 kr/pk

NÝJUNG

Steinbakað súrdeigsbrauð

Með spíruðum rúg

849 kr/stk

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

Meira ljúfmeti

25% afsláttur

ÍSLANDS NAUT

Ungnauta Ribeye

4.124 kr/kg

Verð áður 5.499 kr/kg

20% afsláttur

Kjúklingabringur 100%

1.759 kr/kg

Verð áður 2.199 kr/kg

Heill ferskur kjúklingur

679 kr/kg

Verð áður 799 kr/kg

Ungnautalundir

5.949 kr/kg

Verð áður 6.999 kr/kg

HAGKAUP

Meira svona alla daga

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

23. FEBRÚAR 2018 FÖSTUDAGUR

Merkisatburðir

1660 Karl 11. varð konungur Svíþjóðar.

1836 Orrustan um Alamo hófst í Texas.

1889 Hið íslenska kennarafélag stofnað.

1904 Bandaríkjamenn keyptu landræmu undir Panamaskurðinn fyrir tíu milljónir dollara.

1912 Þilskipið Geir frá Hafnarfirði fórst í ofsaveðri á Selvogsbanka og með því 27 manna áhöfn. Í sama veðri tók út fimm menn af skútunni Langanesi og einn af Haffara.

1919 Benito Mussolini stofnaði fasistaflokkinn á Ítalíu.

1976 Árekstur varð milli varðskipsins Óðins og freigátunnar HMS Scylla.

1981 Antonio Tejero ásamt meðlimum úr spænsku herlögreglunni reyndi að fremja valdarán á Spáni en mistókst.

1982 Með þjóðaratkvæðagreiðslu á Grænlandi var ákveðið að landið stæði utan Evrópusambandsins.

1985 Torfi Ólafsson setti heimsmet í réttstöðulyftu í flokki unglinga, lyfti 322,5 kg.

1987 Konur voru fulltrúar á búnaðarþingi í fyrsta sinn. Þær voru Ágústa Þorkelsdóttir og Annabella Harðardóttir.

2009 Borgarahreyfingin tilkynnti framboð sitt til Alþingis.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhannes Sigmundsson

Syðra-Langholti 3, Hrunamannahreppi,

lést á dvalarheimilinu Ási í Hveragerði mánudaginn 19. febrúar. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju föstudaginn 2. mars kl. 13.00.

Hrafnhildur Svava Jónsdóttir
Hilmar Jóhannesson — **Fanney Þórmundsdóttir**
Sigmundur Jóhannesson — **Kristín Jónsdóttir**
Sigurbjörg Jóhannesdóttir — **Ólafur Ó. Stephensen**
Snorri Freyr Jóhannesson — **Vigdís Furuseth**
Gunnar Þór Jóhannesson — **Arndís Eiðsdóttir**
Anna Lára Jóhannesdóttir — **Sigurjón Kristinsson**
Ásdís Erla Jóhannesdóttir — **Yngvi Ragnar Kristjánsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðbjörg Jakobsdóttir

lést 20. febrúar á hjúkrunarheimilinu Mörk. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu, mánudaginn 26. febrúar, kl. 15.00.

Rakel Richardson Þorgeirsdóttir — **Kenneth Charles Richardson**
Margrét Þorgeirsdóttir — **Ólafur Pétursson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæra

Georgs Jóns Jónssonar

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki Landspítalans á deild 14 G og 14 E fyrir einstakan hlýhug og umönnun.

Dagmar Brynjólfsdóttir og fjölskylda

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát móður okkar, ömmu, langömmu og tengdamóður,

Agnete Simson

Guðný Magnúsdóttir
Guðmundur Magnússon — **Ragnhildur Gunnarsdóttir**
Una Þóra Magnúsdóttir — **Hörður Högnason**
barnabörn og barnabarnabörn.

Leifur í vinnunni í Áslandsskóla ásamt forseta Íslands, Guðna Th., þegar ABC barnahjálpin leit inn í skólann. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Óvænt ferð á Goodison Park þar sem Gylfi var bestur

Einn dyggasti stuðningsmaður Everton hér á landi, skólastjórinn og körfuboltadómarinn Leifur Garðarsson, er fimmtugur í dag. Eiginkona hans færði honum óvænta ferð á heimavöll Everton þar sem Leifur sá Gylfa Sigurðsson skora og leggja upp mark.

Ég gaf nemendum mínum ís eftir hádegismatinn því það er skipulagsdagur á afmælisdaginn. Þegar ég er að færa krökkunum ís þá labbar einn meistari að mér og segir: Leifur, þetta meikar ekki sens því þú ert í mesta lagi 37 ára. Þannig að deginum var bjargað," segir Leifur Garðarsson, skólastjóri í Áslandsskóla og einn fremsti körfuboltadómari landsins.

Leifur lauk dómaraprófi árið 1987 og dæmdi sinn fyrsta leik 6. nóvember sama ár. Árið 1993 tók hann alþjóðlegt dómarapróf á Ítalíu. Leifur dæmdi u.þ.b. 100 leiki á alþjóðlegum vettvangi, 389 leiki í úrvalsdeild og hátt á níunda hundraðið samtals. Hann lagði flautuna á hilluna fyrir haustið 2004 en tók hana svo fram aftur haustið 2013. Leifur sat í dómaranefnd KKÍ í 14 ár, þar af 11 ár sem formaður.

Leifur lék u.þ.b. 100 leiki með meistaraflokki Hauka í körfuknattleik og varð bikarmeistari með liðinu 1985 og 1986.

Hann hefur einnig starfað við knattspyrnu en hann stóð að uppgangi FH ásamt fleiri góðum mönnum þegar hann var hægri hönd Ólafs Jóhannessonar. Hann þjálfaði svo Fylki og Víking.

> **Frúin og börnin tóku með mig í óvissuferð í himnaríki. Sáum þar Gylfa í essinu sínu.**
>
> Leifur Garðarsson

Leifur er mikill stuðningsmaður Everton og var svo oft þar um tíma að hann var nánast eins og hver annar starfsmaður enda starfaði hann um tíma fyrir félagið. Eiginkona hans og synir buðu honum óvænt út á leik um miðjan mánuðinn þar sem fjölskyldan sá Gylfa Sigurðsson og félaga leggja Crystal Palace að velli 3:1. Gylfi var frábær í leiknum, skoraði og lagði upp mark.

„Frúin og börnin tóku með mig í óvissuferð í himnaríki. Sáum þar Gylfa í essinu sínu. Þau tilkynntu mér það daginn áður. Ég átti að dæma á Sauðárkróki en það var svo vont veður að það þurfti að færa mig til. Konan sá um þetta allt og var með dómaranefnd KKÍ með í þessu. Ég dæmdi í Garðabæ og eftir leik var mér tilkynnt að ég væri að fara á Goodison."

Leifur segir að hann muni þó blása til örveislu. Fyrst að morgni og svo um kvöldið. „Ég býð starfsfólkinu upp á köku og það verður létt húllumhæ um kvöldið í góðra vina hópi. Það er frí í Domino's-deildinni og það stefnir í góðan dag." **benediktboas@365.is**

Gylfi Sigurðsson er fjölskylduvinur Leifs.

ÞETTA GERÐIST: 23. FEBRÚAR 1455

Hin helga bók prentuð í fyrsta sinn

Þennan dag fyrir 563 árum prentaði Johannes Gutenberg fyrstu Biblíuna í Mainz. Biblían var ekki fyrsta bók Gutenbergs úr nýju prentvélinni, en hún var stórvirki og markaði upphaf Gutenberg-byltingarinnar og aldar hinnar prentuðu bókar.

Undirbúningur fyrir prentun Biblíunnar hófst árið 1450 og voru fyrstu eintök fáanleg 1455. Biblían er frægust þeirra bóka sem prentaðar voru með lausaletri og enn er til, en framleiðsla hennar markaði upphaf fjöldaframleiðslu bóka í hinum vestræna heimi. Hún var prentuð í leturgerð sem seinna var þekkt sem Texture and Schumacher og var 1.282 blaðsíður, þótt flestar væru bundnar í tveimur bindum.

Talið er að Gutenberg hafi alls prentað 180 eintök af Biblíunni; 45 á skinn og 135 á pappír. Alls tók verkið um eitt ár, sem er sami tími og hefði áður tekið ritstofu að framleiða eitt eintak, en vegna handgerðra myndskreytinga er hvert eintak einstakt.

Árið 2007 var vitað um 48 Gutenbergsbiblíur í heiminum, þar af ellefu eintök á skinnbók. Flestar eru í Þýskalandi, eða tólf talsins.

FÓLK
FÖSTUDAGUR 23. FEBRÚAR 2018
Lífsstíll

Food & fun hefst í næstu viku en hátíðin nýtur sívaxandi vinsælda. Veitingastaðurinn Marshall Restaurant + Bar tekur þátt í fyrsta sinn í ár og ríkir mikil tilhlökkun hjá Leifi Kolbeinssyni og öðrum starfsmönnum. →4

MYND/CLÉMENCE DEMESME

Ísland var ekki nógu stórt fyrir mig

Davíð Örn Hákonarson matreiðslumaður hefur starfað í Danmörku og í París undanfarin tíu ár. Hann verður gestakokkur á Vox á Food and Fun hátíðinni en hann var einmitt lærlingur á þeim stað. Davíð ætlar að elda frumlega rétti. →?

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Davíð Örn hlakkar mikið til að koma til Íslands og elda mat á Food and Fun á Vox. Hann hefur ekki starfað hér á landi í tíu ár. MYND/GASTRONOMISK INNOVATION

Davíð Örn hefur starfað á bestu veitingahúsum í Danmörku. Hann byrjaði fyrst í Nyborg á veitingahúsi sem nefnist Hesselet og er á hóteli með sama nafni. „Ég fór út á sínum tíma vegna þess að mig langaði að læra meira í faginu. Ég var tvítugur og Ísland var ekki nægilega stórt fyrir mig. Langaði að sjá hvernig unnið væri á finum veitingahúsum. Ég tók þátt í Norrænu nemakeppninni og var boðin vinna á Hesselet-hótelinu eftir það. Eigandinn var meðal dómara í keppninni. Þetta er fínt strandhótel og miklar kröfur gerðar til matreiðslumanna. Það hefur verið auðvelt fyrir mig að fá vinnu og ég tel að metnaður og skapandi hugsun hafi mikið að segja varðandi það," segir Davíð Örn.

„Eftir að hafa verið í Nyborg í ellefu mánuði langaði mig að flytja til Kaupmannahafnar og ég starfaði í stuttan tíma hjá Salti á meðan ég leitaði að vinnu. Draumastaðurinn var Michelin-staðurinn Herman í Tívolíinu. Ég fór með umsókn til þeirra en beið í þrjá mánuði eftir að fá vinnuna," útskýrir Davíð Örn. „Ég hef alltaf sótt í að gera eitthvað sem er erfitt og krefjandi og langaði að starfa á finum stað. Ég fæ ekkert út úr starfinu ef það reynir ekki á mig. Ég vildi líka læra sem mest. Ég lifi fyrir listina að búa til mat þótt ég vilji ekki kalla sjálfan mig listamann."

Vildi verða kokkur

Davíð Örn segist alltaf hafa verið ákveðinn í að velja kokkinn. „Ég sagði föður mínum þegar ég var sjö ára að mig langaði til að vera kokkur. Ég var sá eini í bekknum mínum sem valdi alltaf heimilisfræði sem valgrein. Ég sótti í að vera í kringum þá sem elduðu mat, til dæmis ömmu mína. Pabbi er listrænn, bæði húsasmiður og byggingatæknifræðingur, en móðir mín er með fullkomnunarárattu og ég er blanda af þeim báðum."

Eftir tvö ár hjá Herman-veitingahúsinu í Kaupmannahöfn langaði Davíð að prófa nýjar slóðir. „Það urðu starfsmannabreytingar á Herman sem voru mér ekki að skapi þannig að ég ákvað að færa mig um set. Ég fékk vinnu á stað sem heitir Grønbech & Churchill og var líka Michelin-staður. Ég byrjaði sem matreiðslumaður og vann mig síðan upp í sous-chef stöðu. Aftur eftir tvö ár langaði mig að breyta til og fékk þá stöðu á einum af þekktustu veitingastöðunum í

> Ég vil hverfa til þess náttúrulega. Það sem ég hef komist næst í matargerðinni er norræn matargerð í bland við Miðjarðarhafsmatreiðslu með mjög persónulegu ívafi þar sem ég nota mismunandi krydd eftir eigin höfði.

Kaupmannahöfn, Michelin-staðnum Kong Hans Kælder. Þeir misstu stjörnuna á tímabili og endurgerðu staðinn til að vinna hana upp aftur. Ég fékk sous-chef stöðu þar," segir Davíð sem hefur náð sér í mikla reynslu eftir að hafa unnið á frábærum veitingahúsum.

Hann gekk þó með þann draum að flytja til New York og opna eigið veitingahús. „Ég var búinn að vinna rosalega mikið og langaði til að vera aðeins meira frjáls. Koma niður á jörðina eftir mikla vinnutörn. Einkalífið var kannski ekki alveg að gera sig þar sem allur tími minn fór í vinnu. Ég er samviskusamur og legg mig allan fram í vinnu. Það skilar sér auðvitað að mörgu leyti en maður má ekki gleyma að lifa," segir Davíð. „Um þetta leyti var mér boðið ráðgjafarstarf hjá Stúdentakjallaranum og ég aðstoðaði við að endurgera staðinn og útbúa matseðil."

Persónuleg matreiðsla

„Leið mín lá einnig til Parísar við ráðgjafarstörf en þar kynntist ég eigandanum á Co. Hann bauð mér vinnu og þar sem mig langaði til að breyta til þáði ég hana. Ég tók mig því upp með hundinn minn og flutti til Parísar. Ég fékk frjálsar hendur til að skapa þann matseðil sem mig langaði til. Á þessum tíma hef ég skapað minn eigin stíl, til dæmis hvernig mat maður eigi að borða. Ég vil hverfa til þess náttúrulega. Það sem ég hef komist næst í matargerðinni er norræn matargerð í bland við Miðjarðarhafsmatreiðslu með mjög persónulegu ívafi þar sem ég nota mismunandi krydd eftir eigin höfði. Ég fer sjálfur lítið út að borða því ég vil ekki verða fyrir áhrifum frá öðrum. Sömuleiðis vil ég að gestirnir fái persónulega upplifun. Ég kem alltaf að borðinu þeirra og útskýri matinn. Um 70% af réttinum hjá mér er grænmeti. Ég nota dýrt hráefni og vel lífrænt ræktað eða villt dýr."

Davíð Örn er að hætta á Co og segist vera í millibilsástandi. „Þessi staður er ekki alveg tilbúinn í svona dýra og fína rétti. Hverfið sem hann er í er í uppbyggingu og staðurinn nær ekki til þess fólks sem sækir í fínni staði. Ég hætti á staðnum í góðu en mig langar að gera aðra hluti. Það eru nokkrir hlutir í sigtinu en ekkert niðurneglt. Ég er ekkert bundinn við ákveðinn stað þar sem ég er einhleypur og barnlaus," segir Davíð og bætir við að allir hlutir séu opnir. „Það skiptir mig engu máli hvar ég er búsettur í heiminum. Eina sem mér finnst nauðsynlegt er að ég fái að njóta mín í starfi. Ég lifi fyrir vinnuna."

Fljúgandi maurar

Davíð Örn tók þátt í Food and Fun þegar hann var enn að læra á Vox. Hann varð matreiðslunemi ársins árið 2007 og varð síðan í þriðja sæti í norrænu nemakeppninni í Danmörku í kjölfarið. Hann hlakkar mikið til að koma heim og vinna á íslenskum veitingastað. „Ég ætla að bjóða rétti sem hafa staðið upp úr hjá mér, ég vinn með árstíðabundin hráefni. Ég ætla til dæmis að bjóða kolkrabba sem er borinn fram með mexíkóskum djúpsteiktum maurum og saffrani. Þetta eru fljúgandi maurar sem eru mjög verðmætir og hafa verið borðaðir í Mexíkó í þúsundir ára. Ég verð líka með eðalkavíar og sérstakan kóngasveppaeftirrétt og annan með skyri sem hefur verið vinsæll hér í Frakklandi. Ég á auðvelt með að tala við fólk og mun útskýra réttina fyrir gestum á Vox. Þetta verður mjög persónulegt," segir Davíð Örn. „Fólk fær aðra upplifun af matnum þegar fagmaður segir því frá honum. Þau tengsl eru mér mjög mikilvæg."

Davíð segist alltaf þurfa að skapa og það skemmtilegasta sem hann geri sé að elda mat. „Ég gæti aldrei unnið við tölvu allan daginn. Ég þarf að hafa hasar í kringum mig. París er á margan hátt erfið borg. Það er reyndar æðislegt að vera ferðamaður hér en það er flókið að búa hér. Frakkar eru allt öðruvísi en Norðurlandabúar. Parísarbúar eru ekki auðveldasta fólk í heimi en maður lærir að þekkja þá. Hér fæst gott hráefni þótt maður þurfi stundum að fara út úr borginni til að finna það en í staðinn fær maður hreinasta gull í hendurnar."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Sölumenn: **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,

Ekta Ítölsk veisla á Food & Fun hjá ESSENSIA

Menù
MARCO BISTARELLI

Mozzarella di Bufala, crudo di piselli, coppa di testa, capesanta e lime
Buffalo's mozzarella, raw peas, head's capicola, scallop and lime

Risotto, liquirizia, lingua di bue, crema di acciughe
Risotto, licorice, ox tongue, anchovy cream

Baccalà arrostito sulla pelle, gelee di latte di avena, nocciole tostate
Salt cod seared on the skin, oat milk gel, toasted hazelnuts

Collo di maialino morbido croccante, melanzana affumicata, broccoli, caramello speziato
Soft crispy pork neck, smoked aubergine, broccoli, spicy caramel

L'insolito tiramisu
The unusual tiramisu

Hverfisgata 4-6, 101 Reykjavik
Sími: 517-0030 — essensia@essensia.is
Við erum á Hverfisgötu, rétt við Arnarhól.
essensia.is

2018

28.02
-
04.03

Food & Fun

REYKJAVÍK

RESTAURANTS '18

Apótek Restaurant / Javier Rodriguez
Bjórgarðurinn / Esteban Morales
Burro / Yun Fuentes
Essensia / Marco Bistarelli & Lorenzo Fasola Bologna
Geiri Smart / Jakob Mielcke & Sebastian Kofi
Grillið / Magnus Ek
Kitchen & Wine / Michele Di Pietro & Seng Luangrath
Kolabrautin / Massmiliano & Matteo Cameli
Kopar / Amandine Chaignot
Marshall Restaurant + Bar / Carrie Baird & Max MacKissock
Matarkjallarinn / Robert Rubba
Mathús Garðabæjar / Eero Vottonen
Nostra / Jeppe Foldager
Slippurinn Pop Up Reykjavík / Leif Sørensen
Sumac / Athanasios Kargatzidis
Vox / Davíð Örn Hákonarsson

FOODANDFUN.IS
FOODFUNFESTIVAL
FOODANDFUNREYKJAVIK

Reykjavíkurborg

Founding sponsor
ICELANDAIR

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Coca-Cola

VÍKING BRUGGHÚS

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
Europcar

ísey SKYR

Sannkölluð veisla á Grandanum

Food & fun hefst í næstu viku en hátíðin nýtur sívaxandi vinsælda. Veitingastaðurinn Marshall Restaurant + Bar tekur þátt í fyrsta sinn í ár og ríkir mikil tilhlökkun meðal starfsmanna.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Matarhátíðin Food & fun hefst í næstu viku en þetta er sautjánda árið sem hún er haldin við sívaxandi vinsældir innlendra og erlendra gesta. Meðal nýrra veitingastaða sem taka þátt í ár er Marshall Restaurant + Bar sem var opnaður í Marshall húsinu á Grandanum í Reykjavík fyrir tæplega ári.

Staðurinn hefur fengið góðar viðtökur á sínu fyrsta ári en þar ræður ríkjum Leifur Kolbeinsson, oftast kenndur við La Primavera sem var lengi vel eitt vinsælasta veitingahús landsins. Auk þess hefur hann verið viðloðandi Kolabrautina í Hörpu um tíma þótt hann starfi ekki þar dags daglega. „Við opnuðum 22. mars á síðasta ári og verðum því bráðum eins árs. Viðtökurnar hafa verið góðar á þessu fyrsta ári okkar og föstum viðskiptavinum fjölgar jafnt og þétt. Hér leggjum við mesta áherslu á Miðjarðarhafseldhús og bjóðum alltaf upp á ferskan fisk í hádegi sem nýtur mikilla vinsælda. Á kvöldin bjóðum við síðan upp á fjölbreyttari matseðil við allra hæfi.“

Starfsfólk spennt

Þar sem þetta er fyrsta Food & fun hátíðin sem Marshall Restaurant + Bar tekur þátt í segir Leifur mikla tilhlökkun ríkja meðal starfsfólks. „Við rétt misstum af Food & fun í fyrra og því eru allir hér mjög spenntir enda er hátíðin fyrir okkur einn af hápunktum ársins. Í ár ætlum við að bjóða upp á mjög spennandi gestakokka sem eru þau Carrie Baird og Max MacKissock frá veitingastaðnum Bar Dough sem er í Denver í Bandaríkjunum. Carrie er í hópi efnilegustu matreiðslumanna í Bandaríkjunum í dag og hún ætlar að bjóða upp á sannkallaða veislu ásamt Max sem er eigandi Bar Dough. Í forrétt verður boðið upp á frábæran rauðrófurétt með skyri. Í millirétt fá gestir svart tagliarini með kræklingi og smokkfiski og marokkóskur lambaréttur verður í aðalrétt. Súkkulaði og karamella verður svo í aðalhlutverki í eftirréttinum.“

„Hér leggjum við mesta áherslu á Miðjarðarhafseldhús og bjóðum alltaf upp á ferskan fisk í hádegi sem nýtur mikilla vinsælda,“ segir Leifur Kolbeinsson hjá Marshall Restaurant + Bar. MYND/EYÞÓR

Alltaf jafn gaman

Þótt þetta sé í fyrsta skiptið sem Marshall Restaurant + Bar tekur þátt er Leifur alls ekki ókunnugur hátíðinni enda starfað lengi í þessum geira. „Ég er svo heppinn að hafa verið með frá upphafi hennar, fyrstu árin með La Primavera, þau síðustu með Kolabrautinni og nú í ár á nýja staðnum. Það er alltaf jafn gaman að taka þátt og maður finnur hvað samstarfsfólkið peppast upp á þessum tíma. Ferskir straumar og vinnubrögð einkenna þessa hátíð og það er alltaf gaman að læra nýja hluti í matargerð. Svo er auðvitað frábært fyrir gesti að fá að upplifa nýjungar og veit ég til þess að margir fara jafnvel á nokkra veitingastaði meðan á hátíðinni stendur.“

Nýr seðill á næstunni

Þegar hátíðinni lýkur verður boðið upp á nýjan og spennandi matseðil á Marshall Restaurant + Bar segir Leifur. „Við endurnýjum matseðilinn reglulega og ætlum að bjóða gestum okkar upp á nýja og gómsæta rétti á spennandi matseðli. Ferskur og góður fiskur verður áfram í aðalhlutverki í hádeginu og á kvöldin auk þess sem vinsæli brönsinn okkar verður auðvitað áfram til staðar.“

MARSHALL

Food & Fun

Carrie Baird
Bar Dough, Denver USA.

RAUÐRÓFUR
Hráar og þurrkaðar rauðrófur, rauðrófublöð, stökkt kínóa og öskuskyr.

SVART TAGLIARINI
Svart tagliarini, Kalabríu chili, kræklingur, smokkfiskur og appelsínukrydduð sinnepsblöð.

LAMB
Marakkókryddað lambafillet, stökkt tendon, basil, brenndar gulrætur og farro.

SÚKKULAÐI & KARAMELLA
Súkkulaði ganache, súkkulaðiflögur, smjörbúðingur, heslihnetukruðerí og ricotta.

Max MacKissock
Bar Dough, Denver USA.

28.2. til 4.3. 2018

MARSHALLRESTAURANT.IS

Marshallhúsið,
Grandagarði 20, 101 Reykjavík.
Leið 14 (Listabraut).

Opið frá 11:30. Kvöldmatseðill frá 17:30.
Hádegi og bröns 11:30–14:00.
Lokað á mánudögum.

Borðapantanir
í síma 519 7766 og
info@marshallrestaurant.is

RESTAURANT + BAR

28. FEBRÚAR–4. MARS

FOOD & FUN OG DOMINO'S

OFF MENU

Enn eitt árið tekur Domino's þátt í Food & Fun með girnilegri OFF MENU-pizzu sem töfruð var fram af landsliðskokknum Viktori Erni Andréssyni. Við hvetjum þig til að prófa hana á meðan á hátíðinni stendur.

DOMINO'S FOOD & FUN

Nautakjöt, pepperoni, laukur, geitaostur, ostrusveppir, ferskur chili, pikklaður rauðlaukur, trufflumæjó, graslaukur og vorlaukur.

VIKTOR ÖRN ANDRÉSSON

matreiðslumeistari Íslands 2013,
matreiðslumeistari Norðurlanda 2013,
handhafi bronsverðlauna í heimsmeistarakeppninni Bocuse d'Or 2017 og landsliðskokkur.

Domino's®

dominos.is · Domino's app · Sími 58 12345



Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

SUZUKI

Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

STÓRA BÍLASALAN

100% LÁN
FORD Focus Edition. Árgerð 2016, ekinn 27 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 2.280.000. Rnr.159915.

100% LÁN
FORD Focus Titanium. Árgerð 2012, ekinn 83 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐ 1.480.000. Rnr.159956.

100% LÁN
SKODA Octavia Dísel Combi. Árgerð 2014, ekinn 49 Þ.KM, beinskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.136431..

STÓRA BÍLASALAN

100% LÁN
Range Rover Sport Supercharged. Árgerð 2006, ekinn 123 Þ.KM. Verð 2.480.000. Rnr.136818.

NÝR BÍLL
KIA Sportage EX+. Dísel, Sjálfskiptur. Ný vetrardekk fylgja. Verð 4.990.000. Rnr.136405.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is



VAKA

Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta

Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Þakpappaverk
Eitt besta verðið
S. 778 8322

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Keypt & Selt

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

HEILSUNUDD
Nuddstofan, opið frá 10-20. S. 561 6254

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

Heimaás

VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Heimaás

NEMI Í HÚSASMÍÐI
Heimaás óskar eftir að ráða nema á samning í húsasmíði.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

SÖLUMENN ÓSKAST.
Óska eftir sölumönnum til að selja í hús usb lykla sem á er digital bók. Geta sölumenn auðveldlega haft margar milljónir eftir skatt. Gengið er í hús milli kl 12-22 alla daga þegar gott er veður. Uppl.í s: 776-4111

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

Viðskiptatækifæri

ATVINNUREKSTUR TIL SÖLU.
Þjónustar bæði erlenda ferðamenn og íslendinga.Góð staðsetning miðsvæðis í RVK. áhugasamir sendi nafn,kennitölu og símanúmer á box@frett.is

Tilboð

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Tilboð
Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir
á aðeins 5.500.-
Verið hjartanlega velkomin.

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Til sölu / Þjónusta

SKER Hönnun & Gjafavara



Opnunartími:
Mánudaga-Miðvikudaga frá 12-17
Laugardaga frá 12-15

Langholtsvegur 126
104 Reykjavík
www.sker.is

Allar tölvuviðgerðir



PC-Mac-Stýrikerfishreinsun
Rykhreinsun-Bilanagreining

Fljót og góð þjónusta

tölvuvinir.is
tölvuverkstæði

Hafðu samband
Sími: 445 0100
Langholtsvegur 126
104 Rvk.

Skemmtanir

HAPPY HOUR ALLA DAGA!! kl. 16-19

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

„Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR:

Laugardagur 24. febrúar
Liverpool - West Ham kl. 14:50

Sunnudagur 25. febrúar
Man.Utd - Chelsea kl. 13:55
Man.City - Arsenal kl. 16:20

Gullnáman

Hljómsveitin Trap spilar föstudag og laugardag frá kl. 00:00 - 03:00

Hljómsveitina skipa þeir:
Rúnar Þór - Reynir - Diddi - Örn - Rúnar Villa

Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar

Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
Afmörkun landnotkunar í samræmi við lóðamörk

Þann 15. febrúar 2018 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Áformuð breyting felur í sér lagfæringar og leiðréttingar á afmörkun einstakra landnotkunarsvæða til samræmis við núverandi lóðamörk og notkun viðkomandi lóða.

Með vísan til 1. mgr. 30. gr. er verkefnislýsingin lögð fram til kynningar og umsagnar (sjá ***reykjavik.is og adalskipulag.is***). Óskað er eftir því að athugasemdum við verkefnislýsinguna verði komið á framfæri á netfangið ***skipulag@reykjavik.is*** fyrir 22. mars 2018. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
Iðnaður og önnur landfrek starfsemi
Endurmat á landþörf iðnaðar

Þann 15. febrúar 2018 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Áformuð breyting mun fela í sér endurskoðun á stefnu um einstök atvinnusvæði og verður grundvölluð á heildstæðu mati á landþörf iðnaðar á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Með vísan til 1. mgr. 30. gr. og laga nr. 105/2006 um umhverfismat er verkefnislýsingin lögð fram til kynningar og umsagnar (sjá ***reykjavik.is og adalskipulag.is***). Óskað er eftir því að athugasemdum við verkefnislýsinguna verði komið á framfæri á netfangið ***skipulag@reykjavik.is*** fyrir 22. mars 2018. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Tilkynningar

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum
Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Djúpvegur, Leiti—Eyri og um Hattardalsá, Súðavíkurhreppi**
- **Klakfiskastöð að Sigtúnum í Öxarfirði, Norður-Þingi**
- **Seljalandsheiðarnáma, Rangárþingi eystra**
- **Þingvallavegur milli þjónustumiðstöðvar og syðri vegamóta við Vallarveg, Bláskógabyggð**
- **Þorláksskógar á Hafnarsandi, Sveitarfélaginu Ölfusi**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **23.mars 2018.**

MOSFELLSBÆR

Kynning á verkefnislýsingu:
Breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030.

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar verkefnislýsingu, skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Frístundasvæði í suðurhluta Mosfellsbæjar:

Breytingin felst í þéttingu núverandi frístundabyggðar. Um er að ræða 3 svæði í nágrenni við núverandi frístundabyggð vestan Dallands og norðan við Selvatn. Landnotkun breytist úr „Óbyggð svæði (Ó)" í „Svæði fyrir frístundabyggð (F)". Við þetta breytast yfirlitstöflur í kafla 4.11. fyrir frístundabyggð í greinargerð aðalskipulagsins.

Í verkefnalýsingu kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitastjórn hefur við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu sem og fyrirhugað skipulagsferli, s.s. kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar vinsamlegast hafið samband við skipulagsfulltrúa.

Verkefnislýsingin liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð Þverholts 2, 270 Mosfellsbæ og á heimasíðu bæjarins á slóðinni:

mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til þjónustuversins eða til undirritaðs fyrir 19. mars 2018.

23. febrúar 2018
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR

VETRAR ÚTSALA

FJALLAKOFANS

23. febrúar - 4. mars

20-70% AFSLÁTTUR

Nú er tækifærið, valdar útivistarvörur á vetrarútsölu Fjallakofans;
Marmot, Arc'Teryx, Scarpa, Smartwool, Shred, Julbo o.fl.
Eldri skíði, fjallaskíði og bindingar á frábæru útsöluverði.
Dúnfatnaður, gönguskór, ullarfatnaður, ofl. ofl.

EKKI MISSA AF ÞESSU TÆKIFÆRI!

Fjallaskíði og skíðabúnaður 20-50% afsláttur

Marmot útivistarfatnaður 20-70% afsláttur

Smartwool nærfatnaður og sokkar 20-40% afsláttur

Scarpa gönguskór 20-50% afsláttur

Shred skíðagleraugu og hjálmar 30-50% afsláttur

Kari Traa ullarfatnaður 30% afsláttur

Marmot SCARPA Smartwool Go far. Feel good.

FJALLA KOFINN

ARC'TERYX SHRED Julbo

Opið 10-16 á laugardag og 12-18 á sunnudag
í Kringlunni 7 og Laugavegi 11

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Vaxandi suð-austanátt í dag, 18-25 m/s seinni partinn með slyddu og síðar rigningu, talsverð úrkoma á sunnanverðu landinu. Það hlýnar með rokinu, hiti víða 5 til 10 stig í kvöld.



Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4°	0°	3°
19	23	13
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
4°	5°	-1°
21	10	20

Sunnudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2°	-1°	-0°
8	3	2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
3°	5°	0°
9	11	12

LÉTT

4	2				9			
1	3	8		4	7	2		
	7				1		4	
6	4	1				3		
		2						
8				2	5		1	
7	8			1			9	
			9			8		
9		4	8		2		7	

MIÐLUNGS

		9		8		2	1	
	2		7		4	3		
	3		5					9
9	4			2				
		7	3	4				
	6							
6			1	7		5		
4								1
	5					9		

ÞUNG

							3	4
7		6				5	1	
					1			7
	5	9	4					1
			9	3		6		
	2							
				9		7	4	2
		5		6		9		
3			8		7			

Krossgáta

LÁRÉTT
1. niðurlægja
5. form
6. tveir eins
8. arfleiða
10. kusk
11. leturtákn
12. bithagi
13. högg
15. íþrótt
17. verður

LÓÐRÉTT
1. tonn
2. einómur
3. svif
4. hængur
7. glettast
9. frétta
12. dangl
14. prjónavarningur
16. á fæti



LÁRÉTT: 1. smána, 5. mót, 6. gg, 8. ánafna, 10. lo, 11. rún, 12. beit, 13. slag, 15. tennis, 17. skalt.
LÓÐRÉTT: 1. smáleit, 2. mónó, 3. áta, 4. agnúi, 7. gantast, 9. fregna, 12. bank, 14. les, 16. il.

Skák Gunnar Björnsson

Sjoldager átti leik gegn Dahlhof í Danmörku árið 1974.
Hvítur á leik
1. Hf5! gxf5 (1.... Dd8 2. Hxf6 Dg8 3. Rd5!) **2. Rd5 1-0.** Siguringi Sigurjónsson og Hilmir Freyr Heimisson urðu efstir í b-flokki Skákhátíðar MótX. Siguringi fékk gullið eftir stigaútreikning. Aron Þór Mai varð þriðji.

www.skak.is: Hraðskákmóta-röð TR í kvöld.

2	4	5	3	1	9	6	7	8
9	6	7	2	4	8	1	3	5
8	1	3	6	5	7	9	2	4
6	7	9	1	8	2	5	4	3
1	8	2	4	3	5	7	6	9
3	5	4	7	9	6	8	1	2
4	9	1	5	6	3	2	8	7
7	3	8	9	2	1	4	5	6
5	2	6	8	7	4	3	9	1

3	9	2	7	1	4	8	6	5
7	8	4	6	5	2	9	1	3
1	5	6	8	9	3	7	4	2
2	3	8	9	4	6	5	7	1
9	6	1	2	7	5	3	8	4
4	7	5	1	3	8	6	2	9
8	1	7	3	2	9	4	5	6
5	2	3	4	6	7	1	9	8
6	4	9	5	8	1	2	3	7

4	5	1	6	7	9	2	8	3
6	2	3	8	1	4	7	9	5
7	8	9	5	2	3	1	6	4
3	6	7	4	9	2	5	1	8
8	4	2	1	5	6	3	7	9
9	1	5	3	8	7	4	2	6
1	3	4	7	6	8	9	5	2
5	9	6	2	3	1	8	4	7
2	7	8	9	4	5	6	3	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

Billausi ráðherrann

Það vakti athygli þegar nýr umhverfisráðherra rak aðstoðarmann sinn á dögunum. **Guðmundur Ingi** er bæði menntaður í Yale háskólanum Í Bandaríkjunum og Húsmæðraskólanum í Reykjavík.

Karlaheimur og hrútskýringar

Ný rannsókn sýnir að konur séu líklegri en karlar til að hætta eftir stutta setu í sveitarstjórnum. Þrjár konur sem hættu störfum lýsa reynslu sinni.

Breytir um baráttuaðferð

Birgir Jakobsson landlæknir segist ekki hafa áorkað nægilega miklu í starfi sínu. Hann gefst ekki upp og breytir um baráttuaðferð með því að gerast aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra.

Lengi lifir í 80's-glæðum

Billy Idol bætist í stóran hóp poppstjarna níunda áratugarins sem mæta seint og um síðir til landsins. En hverjir hafa staðið fyrir sínu hingað til og hverjir klikkað?

Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi





Hvað? Hvenær? Hvar?

Föstudagur

hvar@frettabladid.is

23. FEBRÚAR 2018

Tónlist

Hvað? Pönkað rokk á Gauknum
Hvenær? 21.00
Hvar? Gaukur á Stöng

Saktmóðigur er íslensk hljómsveit sem kennir sig við pönk. Hún var stofnuð 1991 og hefur starfað óslitið síðan. Fyrsta útgáfa hljómsveitarinnar var kasettan Legill sem kom út haustið 1992. Í kjölfarið komu tvær 10 tommu vínyl EP plötur, Fegurðin, blómin og guðdómurinn árið 1993 og Byggir heimsveldi úr sníkjum árið 1996. Hljómsveitin hefur auk þess gefið út þrjá geisladiska í fullri lengd, Ég á mér líf (1995), Plata (1998) og Guð hann myndi gráta (2011). Þriggja laga 7 tommu vínylplatan Demetra er dáin kom út árið 2013 og hafði að geyma lagið Kobbi V sem hjómsveitin gerði myndband við. Árið 2013 sendi sveitin svo frá sér afmælisbraginn Eistnaflugsdans í tilefni af tíundu Eistnaflugshátíðinni. Saktmóðigur vinnur að nýrri plötu. Pönksveitin DDT skordýraeitur er bílskúrsband sem var stofnað á haustmánuðum 2015 af Sir Arnari Guðmundssyni, Ágústi Inga Ágústssyni, Pjetri St. Arasyni og Þorvarði Sigurbjörnssyni. Hennar aðalsmerki er að skemmta sér og eingöngu sérvöldu fólki. Í byrjun desember 2017 fór pönksveitin í hljóðver og hljóðritaði fimm lög sem gefin voru út á Spotify 29. des. 2017. Einnig kom út EP plata með sama efni. Hemúllinn er tölvupönksýning sem hatar spillingu, fordóma og kjaftæði. Í honum sullast saman frumstætt skemmtarapönk, viðkvæmnisleg samfélagsrýni og beittar pólitískar skoðanir, blandað saman við öskur á forréttindapakk og fasista. Eini meðlimur hljómsveitarinnar er Arnar Snæberg Jónsson, miðaldra fjölskyldufaðir sem hefur dútlað við pönkið í mörg ár. Bandið var stofnað árið 2001 og hefur það enn í dag á stefnuskrá sinni að taka aldrei upp lög eða gefa þau út. Slíkt er einungis til þess fallið að þjóna kapítalismanum sem mergsýgur þjóðfélagið.

Hvað? Bjarni Freyr og Daníel
Hvenær? 22.00
Hvar? Álfurinn, Hólagarði

Hvað? Jazzenhausen
Hvenær? 17.00
Hvar? Bjórgarðurinn

Jazzenhausen spilar lög Metallica með sínu nefi.

Hvað? Emmsjé Gauti
Hvenær? 21.00
Hvar? Kex hostel

Emmsjé Gauti rífur í míkrófóninn á Kexi hosteli á bjórhátíðinni sem þar stendur yfir. Allar líkur eru á að þakið muni rifna af þegar Gauti stígur á svið.

Hvað? MEIK á Hard Rock
Hvenær? 22.00
Hvar? Hard Rock

Kiss heiðurshljómsveitin MEIK blæs til tónleika á Hard Rock Cafe. Á efnisskránni verða eingöngu lög Kiss en allir meðlimir MEIK hafa einhvern tímann á lífsleiðinni verið forfallnir aðdáendur þessarar einstöku rokksveitar. Ari Eldjárn kíkir við. Meðlimir MEIK koma úr ýmsum áttum. Þeir eru m.a. meðlimir í Sálinni hans Jóns míns, Á móti sól, Todmobile, Skálmöld og Dúndurfréttum.

Emmsjé Gauti rífur í míkrafóninn á Kexi kvöld kl. 21.00. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Kiss heiðurshljómsveitin MEIK blæs til tónleika á Hard Rock Café í kvöld kl. 22.00. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viðburðir

Hvað? Moulin Rouge
Hvenær? 20.00
Hvar? Bíó Paradís

Frábær dans- og söngvamynd sem gerist í Rauðu myllunni í París og fjallar um ástir og örlög. Myndin gerist árið 1899. Christian, ungur enskur rithöfundur, er kominn til Parísar til að taka þátt í listalífinu þar. Ekki missa af geggjaðri föstudagspartísýningu 23. febrúar 2018 kl. 20.00! Tryllt tilboð á barnum og drykkir leyfðir inni í sal! Myndin er sýnd með íslenskum texta!

Hvað? Þrennuvísindaferð HÍ og HR!
Hvenær? 18.00
Hvar? Síminn

Stærsta vísindaferð ársins. Hvorki meira né minna en 300 manns fá tækifæri til að kynnast Símanum, 150 nemendur frá bæði Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Aron Can mætir og tryllir lýðinn, Búlluborgarar fyrir svanga og nóg af fljótandi fyrir þyrsta.

Hvað? Opnir dagar í Ljósmyndaskólanum
Hvenær? 15.00-18.00
Hvar? Ljósmyndaskólinn, Hólmaslóð 6

Hvað? Ferðalag býflugunnar
Hvenær? 19.00
Hvar? Kúlan, Þjóðleikhúsinu

Hvað? Uppistand Sóla Hólm
Hvenær? 22.00
Hvar? Háaloftið, Vestmannaeyjum

Sóli Hólm leggur nú land undir fót og mætir á Háaloftið í Vestmannaeyjum með splunkunýtt uppistand sem hlotið hefur frábærar viðtökur í kjallaranum á Hard Rock Café í Reykjavík. Sóli hefur verið einn vinsælasti skemmtikraftur þjóðarinnar síðustu ár ásamt því að hafa getið sér gott orð í sjónvarpi og útvarpi. Eftir að hafa þurft frá að hverfa um nokkurra mánaða skeið vegna veikinda snýr hann aftur með splunkunýtt uppistand, tilbúinn að draga sjálfan sig og aðra sundur og saman í háði. Sóli er maður margra radda og má búast við að þjóðþekktir einstaklingar fylgi honum í einhverri mynd upp á svið á Háaloftinu. Að mæta á þennan viðburð myndi teljast skynsamleg ráðstöfun frítíma. Athugið, takmarkaður miðafjöldi. Forsala í Tvistinum hefst á fimmtudag. Húsið opnað 21.00 og Sóli mætir stundvíslega kl. 22.00 á svið.

Sýningar

Hvað? Fyrirlestur um eitthvað fallegt
Hvenær? 20.30
Hvar? Tjarnarbíó

Nýtt gamanleikrit um kvíðakast aldarinnar eftir leikhópinn SmartíLab. og upplifun hvers og eins er sérstök. Fimm leikarar túlka mörg andlit kvíðans, í sjónrænu, gamansömu leikverki. Í verkinu verður kvíðinn skoðaður frá ýmsum sjónarhornum og kafað í tilfinningar, hugsanir, magaverki, tölvuleiki, geðlyf, svefntruflanir, sjálfsþekkingu, sigra, bata, hugarangur og sálarfrið. Og ofurhetjukvíðamaðurinn kemur að sjálfsögðu við sögu.



Markmiðið að búa til gleðistund í anda Stuðmanna

Guðjón Davíð Karlsson er búinn að setja saman söngleikinn Slá í gegn. Sirkussöngleik með lögum Stuðmanna sem hann segir vera uppfull af góðum húmor með stórt hjarta sem henti leikhúsinu vel.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Guðjón Davíð segir stefnt að því að smita gleði út í samfélagið eins og Stuðmenn hafi gert í öll þessi ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Loksins á íslenska þjóðin söngleik með lögum Stuðmanna, það var tími til kominn," segir Guðjón Davíð Karlsson, leikari, leikstjóri og nú söngleikjahöfundur, aðspurður um hvað hann væri búinn að vera að fást við að undanförnu. Guðjón Davíð er höfundur og leikstjóri sirkussöngleiksins Slá í gegn, sem er með lögum Stuðmanna, og verður frumsýndur á stóra sviði Þjóðleikhússins á laugardagskvöldið.

Til þess að útskýra formið nánar segir Guðjón Davíð að þetta form sé nú Íslendingum að góðu kunnugt og að Þrek og tár eftir Ólaf Hauk Símarson sé gott dæmi um þessa nálgun. „Þetta er svona það sem er kallað glymskrattasöngleikur eða jukebox musical upp á enskuna. Ég bý til ákveðna sögu, vel lögin og reyni svona eftir bestu getu að láta þetta hljóma eins og þetta hafi verið samið á sama tíma. Mamma Mia!, We Will Rock You, þetta eru allt dæmi um það þegar þessari aðferð er beitt svo að fólk átti sig aðeins á því við hverju það má búast.

Það var ótrúlega gaman að gera þetta því þarna erum við með tónlist eftir mestu gleðisveit íslensku þjóðarinnar. Það var æðislegt að leggjast yfir þetta því þeir eiga svo ótrúlega langan lagalista. Eitt er svo að eiga mörg lög en annað er að eiga svona marga smelli. Það er eiginlega bara vandræðalegt," segir Guðjón Davíð og hlær við tilhugsunina.

Það er vandfundið það mannsbarn á Íslandi sem ekki þekkir til tónlistar Stuðmanna enda segir Guðjón Davíð tímabilið sem hann hafi sótt í spanna ríflega fjóra áratugi. „Ég er þarna með lög frá Tívolí og Sumri á Sýrlandi og þetta eru plötur frá því um miðjan áttunda áratuginn. En það merkilega er hvað þeir eru búnir að fara í gegnum ótrúlega mörg skeið í tónlistarsögunni. Margar stefnur og alls konar tískusveiflur þannig að það eru þarna alls konar týpur af lögum en samt er gleðin alltaf leiðarstefið. En það sem ég held að sé lykillinn að því að geta þetta er einfaldlega hversu ótrúlega færir laga- og textasmiðir eru þarna á ferðinni. Annað sem þeir hafa og hjálpar líka mikið til við þetta langlífi er það að þeir hafa húmor fyrir sjálfum sér. Ef maður hefur húmor þá hjálpar hann manni að komast í gegnum allt og þeir eru sönnun þess. Þessi húmor kemur fram hjá þeim í bæði lögum og textum en svo líka á sama tíma risastórt hjarta því þetta eru engin skrípalæti. Þetta er það sem er svo flott við Stuðmenn og þess vegna hentar þetta líka svo vel í leikhúsuppfærslu."

Guðjón Davíð segir að mörg laga Stuðmanna séu einmitt það sem kalla má leikhúsleg. „Það er svo mikið verið að segja sögur. Þarna er allt fullt af nöfnum, bæði staðarnöfnum og mannanöfnum og það einmitt gefur til kynna að það er alltaf verið að segja sögur sem liggja þarna að baki og það gerir þetta mjög skemmtilegt."

Stuðmenn voru byrjaðir að leika og syngja fyrir landsmenn áður en Guðjón Davíð kom í heiminn og aðspurður hvort honum hafi ekki þótt þetta verkefni eilítið kvíðvænlegt tilhugsunar svarar hann einfaldlega. „Jú, jú. Auðvitað, en að sama skapi þá nálgast ég þetta með mikilli virðingu fyrir þeim og aðdáun því mér finnst þeir svo frábærir.

Með þessum söngleik erum við að reyna að gera það sem þeir hafa verið að fást við í öll þessi ár og það er að smita gleði út í samfélagið. Það er takmarkið með þessum söngleik. Við erum ekkert að þykjast neitt eða reyna eitthvað, við viljum bara gleðja. Það er bara gleðibomba í Þjóðleikhúsinu og þarna fær fólk þessa æðislegu og dillandi Stuðmannatónlist flutta af frábærum listamönnum á sviðinu og það með leikhústöfrum. Það er hljómsveit á sviðinu auk leikaranna, dansara og sirkuslistamanna þannig að það er mikið í lagt. Markmiðið er einfaldlega að búa til gleðistund í anda Stuðmanna og reyna að fá fólk til þess að fara brosandi, dansandi og syngjandi aftur út í lífið eftir kvöldstund í leikhúsinu."

Djassinn komst ekki á flug

TÓNLIST

Djasstónleikar

★★☆☆☆

Tónlist eftir Þórdísi Gerði Jónsdóttur, flutt af henni sjálfri, auk Guðmundar Péturssonar, Matthíasar M.D. Hemstock, Andra Ólafssonar og Steingríms Karls Teague.

Björtuloft í Hörpu
miðvikudaginn 21. febrúar

„Þórdís er þó góður lagasmiður," segir í dómnum, tónleikarnir voru að langmestu leyti byggðir upp á hennar verkum.

Djassklúbburinn Múlinn í Björtuloftum á fimmtu hæð í Hörpu laðar að útlendinga fremur en innfædda. Ég hef farið á það marga tónleika í Múlanum að ég get fullyrt þetta. Hvers vegna á þessu stendur veit ég ekki. Kannski er Múlinn bara orðinn að notalegum viðkomustað túristanna, og ekki aðeins tónlistin sem er tilgangur heimsóknarinnar. Afskaplega huggulegt er í Björtuloftum, barinn er opinn og útsýnið yfir höfnina er stórkostlegt. Þegar tónleikunum á miðvikudagskvöldið var lokið sýndu fáir á sér fararsnið heldur gengu að barnum og keyptu sér meira að drekka.

Þar sem útlendingar eru oftast í meirihluta í Múlanum eru lögin á tónleikunum venjulega kynnt á ensku, eða á ensku og íslensku. Það er sjálfsögð kurteisi. Þórdís Gerður Jónsdóttir sellóleikari, sem var í aðalhlutverkinu á tónleikunum og því kynnir í leiðinni, talaði hins vegar bara á íslensku. Ekki virtist hvarfla að henni að stærstur hluti tónleikagesta skildi ekki bofs í því sem hún var að segja. Þetta var töluverður ljóður á dagskránni.

Tónlistin var, með tveimur undantekningum, öll eftir Þórdísi Gerði, samin á árunum 2013-2015. Hún var skemmtileg, lögin voru margbreytileg og þróuðust gjarnan í áhugaverðar áttir með spennandi framvindu. Sumt bar keim af heimstónlist; í einu laginu sveif indverskur hljóðheimur yfir vötnum, í öðru var farið með mann til Tyrklands. Laglínurnar voru fallegar og útsetningar litríkar. Þar munaði töluvert um sýrukenndan rafgítarleik Guðmundar Péturssonar. Hann var notalega nostalgískur, minnti á köflum jafnvel á krautrokkið sælla minninga.

Ekki síðri var finlegur og framandi slagverksleikur Matthíasar M.D. Hemstock, samansettur úr fjölþættum blæbrigðum. Hann nostraði við hvern tón og var ávallt í sannfærandi takti við hina. Kontrabassaleikur Andra Ólafssonar var líka flottur, lágstemmdur en akkúrat.

Píanóleikur Steingríms Karls Teague var hins vegar dálítið stirður, tónmótunina skorti karakter; hún var of flöt. Steingrímur tók engar áhættur, ekkert kom á óvart, fátt djúsí bar fyrir eyru, þetta var bara daufur undirleikur.

Verri var þó sellóleikur Þórdísar Gerðar. Tónarnir voru losaralegir, stundum óhreinir, fókusinn vantaði. Verstar voru tvær aríur úr óperum eftir Gluck og Purcell, en þar spilaði sellóleikarinn svo illa að það fór beinlínis um mann. Lögin voru auk þess stílbrot, þau áttu engan veginn heima á dagskránni.

Ekki er hægt að gefa þessum tónleikum háa einkunn. Sellóleikurinn var í forgrunni allan tímann, bar uppi megnið af laglínunum, og því komust herlegheitin aldrei á flug, þrátt fyrir fínan gítar- og slagverksleik. Þórdís er þó góður lagasmiður en hún þarf að æfa sig MIKIÐ ef hún ætlar sér að ná langt sem sellóleikari.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Fínar lagasmíðar en flutningur í heild var ekki ásættanlegur auk þess sem kynning laganna var klaufaleg.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Fréttablaðið.is ætlar að bjóða fjölskyldu í drauma sumarleyfi þar sem allt er innifalið.

Flug, gisting, matur og drykkur svokallað „all-inclusive“.

Smelltu þér núna inn á Fréttablaðið.is/nyskraning
skráðu þig í leikinn og freistaðu gæfunnar.

ALLT INNIFALIÐ!

ÖLL FJÖLSKYLDAN SAMAN

Vinningsfjölskyldan getur m.a. valið:

1. Tenerife
2. Almeria
3. Benidorm
4. Sett saman eigin draumaferð

Verðmæti allt að
800.000 kr.

Góða ferð!
inná frettabladid.is

- Skráning stendur til og með 7. mars -

VARGÖLD Á VÍGASLÓÐ

FRÁSAGNIR TENGDAR ÍSLANDI ÚR SEINNI HEIMSSTYRJÖLDINNI

MAGNÚS ÞÓR HAFSTEIN

3480.-

BÓKAHÖLL VIÐ LAUGARDALSVÖLL

1490.-

BÓKAMAR

Laugardalsvelli

FRÁ 23. FEBRÚAR TIL 11. MARS



2490.-



2490.-



990.-

1290.-



990.-

1999.-

1490.-

490.-



1290.-



990.-

2990.- saman

OPIÐ KL. 10 – 21 ÖLL KVÖLD

KAÐURINN

ÓTRÚLEGT ÚRVAL ÞÚSUNDIR TITLA SPARAÐU ÞÚSUNDIR

2499.-

999.-



4999.-



590.-

1499.-

1499.-

1290.-



990.-

DAGSKRÁ

Föstudagur

STEYPUSTÖÐIN
KL. 20:55

Frábær sería af þessum sprenghlægilegu sketsaþáttum þar sem nokkrir þekktustu og þaulreyndustu grínarar landsins, **Steindi Jr, Saga Garðars, Auðunn Blöndal, María Guðmundsdóttir og Sveppi** eru samankomin aftur, ásamt her skemmtilegra gestaleikara.

Frábært
Föstudagskvöld
Fáðu þér áskrift á **365.is**

SO YOU THINK YOU CAN DANCE
KL. 19:25

Stærsta danskeppni í heimi þar sem efnilegir dansarar fá tækifæri til að slá í gegn. Í hverri viku fá þeir krefjandi verkefni og það fækkar í hópnum þar til ný dansstjarna er krýnd.

ALIEN
KL. 21:30

Víðfræg biómynd í leikstjórn Ridley Scott með Sigourney Weaver í aðalhlutverki. Myndin fjallar um áhöfn geimfars sem óhugnanleg geimvera ofsækir og þau fá svo sannarlega að finna fyrir henni þegar hún lætur til skarar skríða.

SUICIDE SQUAD
KL. 22:00

Suicide Squad segir frá nokkrum and-hetjum sem hingað til hafa notað hæfileika sína til illra verka. En dag einn býðst þeim að sameina krafta sína til góðs og þá verður ekki aftur snúið.

BOB´S BURGERS
KL. 21:35

Skemmtileg teiknimyndasería um mann sem rekur hamborgarastað og skrautlega fjölskyldu hans.

Allt þetta og meira til
á aðeins **333 kr. á dag.**
365.is

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Tommi og Jenni
07.45 Ljóti andarunginn og ég
08.05 The Middle
08.30 Drop Dead Diva
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Veep
10.50 Mike & Molly
11.15 Anger Management
11.40 The Heart Guy
12.35 Nágrannar
13.00 Snowden
15.10 Dance Again - Jennifer Lopez
16.50 I Own Australia's Best Home
17.40 Bold and the Beautiful
18.05 Nágrannar
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 So You Think You Can Dance
20.55 **Steypustöðin** Önnur syrpa þessara frábæru sketsaþátta þar sem sumir þekktustu og þaulreyndustu grínarar landsins, Steindi Jr., Saga Garðars, Auðunn Blöndal, María Guðmundsdóttir og Sveppi, eru samankomin aftur, ásamt her sprenghlægilegra gestaleikara.
21.30 Alien
23.25 Partisan
01.00 **Sleepless** Spennumynd frá 2017 með Jamie Foxx og Michelle Monaghan í aðalhlutverkum. Vincent Down er lögreglumaður í Las Vegas sem leikur tveimur skjöldum. Annars vegar blandar hann sér inn í hóp spilltra lögreglumanna sem stela bæði fé og eiturlyfjum í ágóðaskyni og hins vegar er hann útsendari innra eftirlits lögreglunnar og á að uppræta spillinguna frá rótum. Um seinna hlutverk hans veit enginn nema hann og yfirmaður hans.
02.35 Queen of the Desert
04.40 Snowden

STÖÐ 2 SPORT

07.55 Leipzig - Napoli
09.35 Arsenal - Östersund
11.15 Atalanta - B. Dortmund
12.55 NBA 2017/2018 - All Star Game
14.35 MD í hestaíþróttum - Samantekt 2018
15.20 Arsenal - Östersund
17.00 Atalanta - B. Dortmund
18.40 PL Match Pack 2017/2018
19.10 La Liga Report 2017/2018
19.40 Hull City - Sheffield United
21.45 Premier League Preview 2017/2018
22.15 Bundesliga Weekly 2017/2018
22.45 AC Milan - Ludogorets

STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 AC Milan - Ludogorets
08.40 Villareal - Lyon
10.20 Valur - Stjarnan
11.50 Gladbach - Dortmund
13.35 Þýsku mörkin 2017/2018
14.05 Premier League World 2017/2018
14.35 Real Betis - Real Madrid
16.20 Eibar - Barcelona
18.00 Spænsku mörkin 2017/2018
21.55 PL Match Pack 2017/2018
22.25 La Liga Report 2017/2018
22.55 Premier League Preview 2017/2018
23.25 Hull City - Sheffield United

STÖÐ 3

18.00 Fresh off the Boat
18.25 Pretty Little Liars
19.10 Entourage
19.35 Modern Family
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 First Dates
21.35 Bob's Burgers
22.00 American Dad
22.25 The Knick
23.25 UnReal
00.55 Entourage
01.20 Modern Family
01.40 Seinfeld
02.05 Friends
02.30 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
07.47 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveins
08.49 Rasmus Klumpur og félagar
08.54 Strumparnir
09.19 Lalli
09.25 Hvellur keppnisbíll
09.37 Ævintýraferðin
09.49 Gulla og grænjaxlarnir
10.00 Stóri og litli
10.13 Víkingurinn Viggó
10.27 K3
10.38 Mæja býfluga
10.50 Kormákur
11.00 Dóra könnuður
11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.47 Doddi litli og Eyrnastór
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveins
12.49 Rasmus Klumpur og félagar
12.54 Strumparnir
13.19 Lalli
13.25 Hvellur keppnisbíll
13.37 Ævintýraferðin
13.49 Gulla og grænjaxlarnir
14.00 Stóri og litli
14.13 Víkingurinn Viggó
14.27 K3
14.38 Mæja býfluga
14.50 Kormákur
15.00 Dóra könnuður
15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
15.47 Doddi litli og Eyrnastór
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveins
16.49 Rasmus Klumpur og félagar
16.54 Lalli
17.00 Strumparnir
17.25 Hvellur keppnisbíll
17.37 Ævintýraferðin
17.49 Gulla og grænjaxlarnir
18.00 Stóri og litli
18.13 Víkingurinn Viggó
18.27 K3
18.38 Mæja býfluga
18.50 Kormákur
19.00 Ribbit

Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47

GOLFSTÖÐIN

08.30 Inside the PGA Tour 2018
08.55 The Honda Classic
12.55 Golfing World 2018
13.45 Inside the PGA Tour 2018
14.10 The Honda Classic
18.10 Golfing World 2018
19.00 The Honda Classic
23.00 PGA Highlights 2018
06.00 The Honda Classic

STÖÐ 2 BÍÓ

12.10 Experimenter
13.50 The Little Princess
15.25 50 First Dates
17.05 Experimenter
18.45 The Little Princess
20.20 50 First Dates
22.00 **Suicide Squad** Spennandi ævintýramynd frá 2016 með Will Smith, Margot Robbie, Jared Leto, Violu Davis og fleiri stórgóðum leikurum. Myndin er byggð á samnefndum teiknimynda-blöðum frá DC-Comics og segir frá nokkrum andhetjum sem hafa hingað til notað hæfileika sína til illra verka, enda eru þær allar í fangelsi. Dag einn býðst þeim að sameina krafta sína í sérsveit á vegum stjórnarinnar og takast á hendur það verkefni að stöðva yfirvofandi ógn. Verkið er lífshættulegt í meira lagi, en ef sveitin getur stillt saman strengi sína og náð árangri gæti það orðið til þess að dómar yfir þeim yrðu mildaðir. Og að sjálfsögðu slá andhetjurnar til, enda hafa þær engu að tapa.
00.00 Desierto
01.30 Every Secret Thing
03.05 Suicide Squad

RÚV

07.35 ÓL 2018: Íshokkí karla
09.55 ÓL 2018: Snjóbrettafimi kvenna
11.05 ÓL 2018: Skíðaskotfimi karla
12.35 ÓL 2018: Íshokkí karla
14.20 ÓL 2018: Listhlaup kvenna
16.35 Leitin að hinum fullkomna líkama
17.20 Landinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Froskur og vinir hans
18.08 Söguhúsið
18.15 Best í flestu
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Best í Brooklyn
20.05 Gettu betur
21.15 Vikan með Gísla Marteini
22.00 Barnaby ræður gátuna
23.30 Date Night
00.55 ÓL 2018: Snjóbrettafimi karla
02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
04.50 ÓL 2018: 50 km skíðaganga karla

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 King of Queens
08.25 Dr. Phil
09.05 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
09.45 The Late Late Show with James Corden
10.25 Síminn + Spotify
13.10 Dr. Phil
13.50 The Mick
14.15 Man With a Plan
14.35 Ghosted
15.00 Family Guy
15.25 Glee
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show with James Corden
19.45 America's Funniest Home Videos
20.10 The Bachelor
21.45 Taken
23.20 Field of Dreams
01.50 Prison Break
02.35 The Walking Dead
03.20 Penny Dreadful

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Fréttamenn sem standa undir nafni

Fréttablaðið var stofnað árið 2001 og hefur verið mest lesna dagblað landsins frá upphafi. Þar starfa hátt í 100 hæfileikaríkir einstaklingar sem allir leggja hönd á plóg við að gera Fréttablaðið að einum stærsta fjölmiðli landsins. Á meðal þeirra er Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins.

Kjartan Hreinn Njálsson
fréttamaður



Fréttir og ítarleg umfjöllun á frettabladid.is

FRETTABLADID.IS

FRÉTTABLAÐIÐ APP

FRÉTTABLAÐIÐ

Útgefandi og aðalritstjóri: Kristín Þorsteinsdóttir, kristin@frettabladid.is



Áhugasamir geta fylgst með Lindu á síðunni hennar www.lindaben.is og á Instagram, notandanafn hennar er lindaben. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjölskyldunni hefur tekist að koma sér vel fyrir í litla rýminu.

Þriggja manna fjölskylda í 29 fermetrum

Matarbloggaranum og fagurkeranum **Lindu Benediktsdóttur** hefur tekist að koma sér og fjölskyldu sinni vel fyrir í 29 fermetra íbúð. Það að búa í svona litlu rými hefur sína kosti og galla að sögn Lindu.

Guðný Hrönn
gudnyhronn@frettabladid.is

Spurð út í 29 fermetra íbúðina sem hún býr í ásamt manni sínum og syni segir Linda: „Við tókum við íbúðinni fokheldri og breyttum henni í tveggja herbergja íbúð. Við ætlum að búa hér á meðan við byggjum draumahúsið okkar.“

Linda viðurkennir að það geti verið svolítið krefjandi að búa í svona litlu rými. „Það erfiðasta er að ákveða hvað maður vill hafa í íbúðinni. Við þurftum að minnka töluvert við okkur, enda að koma úr 240 fermetra húsi. Þegar við fluttum urðum við að gera upp við okkur hvað við vildum hafa í íbúðinni,“ segir Linda. Hún segir stærsta kostinn við litlu íbúðina svo vera þann að það tekur lítinn tíma að þrífa og taka til. „Það getur verið allt á hvolfi en samt er maður í mesta lagi 30 mínútur að kippa öllu í lag.“

Mesta áskorunin við að flytja inn í rýmið var að finna húsgögn sem passa inn í það. „Við gátum ekki notað neitt af húsgögnunum okkar, fyrir utan eldhússtólana sem ég þröngva hingað inn í þetta rými. Þar sem við búum hérna tímabundið þá brugðum við á það ráð að kaupa okkur húsgögn í ódýrari kantinum sem er hægt að nýta þegar við flytjum aftur,“ segir Linda. Hún tekur fram að henni þyki mikilvægt að hafa íbúðina fína og notalega þó að fjölskyldan búi tímabundið í henni. „Þegar maður vinnur við það að skapa fallegt myndefni og uppskriftir verður umhverfi manns að vera fallegt líka.“

ÞAÐ GETUR VERIÐ ALLT Á HVOLFI EN SAMT ER MAÐUR Í MESTA LAGI 30 MÍN. AÐ KIPPA ÖLLU Í LAG.

Aðspurð hvort hún lumi á góðum ráðum fyrir fólk sem er að vandræðast með að koma sér fyrir í lítilli íbúð segir Linda: „Hver einasti hlutur verður að eiga sér sinn stað þar sem það er ekki pláss fyrir neitt „draslhorn“. Það er líka mikilvægt að ganga alltaf frá eftir sig, eins og reyndar alls staðar annars staðar, en það er enn mikilvægara í svona litlu rými.“ Linda bendir svo á að það geti verið mjög hjálplegt á litlum heimilum að eiga hluti og húsgögn sem

Baðherbergið er lítið og krúttlegt.

Lindu þykir mikilvægt að hafa fallegt í kringum sig.

Heilsan okkar

Ragnhildur Guðrún Finnbjörnsdóttir
umhverfis- og auðlindafræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum.

Af hverju ætti ég að flokka heimilisruslið?

Rusl sem fellur til heima hjá okkur er ekki bara úrgangur. Mikið er um hágæða hráefni sem hægt er að nýta áfram. Þetta getur t.d. verið plastbakkinn undan kjöthakkinu, fréttablöðin, áldósirnar, glerkrukkurnar og ýmislegt annað.

Fólk veigrar sér stundum við að flokka heimilissorpið. Það nefnir ástæður á borð við að það sé vesen að flokka, að það sé ekki með nóg pláss heima hjá sér til að flokka, og að það sé erfitt að vita hvað fer í hvern flokk. Þetta eru allt góðar og gildar vangaveltur, en eru þær réttlætanlegar þegar við lítum á heildarmyndina? Hér fyrir neðan eru taldir upp nokkrir hvatar fyrir því að flokka.

Endurvinnsla sparar orkunotkun í heiminum.
Framleiðendur þurfa ekki að framleiða hráefni eins og plast, ál og gler til að geta búið til nýja vöru. Þannig erum við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og erum ekki að ganga eins hratt á auðlindir jarðar. Að auki eru vörur sem búnar eru til úr endurunnu hráefni betri fyrir umhverfið. Við þannig framleiðslu er notað minna vatn og orka.

FÓLK VEIGRAR SÉR STUNDUM VIÐ AÐ FLOKKA HEIMILISSORPIÐ. ÞAÐ NEFNIR ÁSTÆÐUR Á BORÐ VIÐ AÐ ÞAÐ SÉ VESEN AÐ FLOKKA.

Lífrænn úrgangur er notaður ýmist til moltugerðar eða framleiðslu metans sem er t.d. notað sem eldsneyti á bíla og strætisvagna. Þannig minnkar notkun á öðru eldsneyti sem losar meira af loftmengandi efnum.

Endurvinnsla minnkar úrgang sem er urðaður.

Óflokkaður heimilisúrgangur telst til sorps og er safnað saman á urðunarstöðum. Ef við minnkum urðaðan úrgang þá takmörkum við það land sem fer undir hann. Einnig minnka eiturefnin sem leka út í umhverfið og minni losun gróðurhúsalofttegunda frá urðunarstöðunum á sér stað.

NIÐURSTAÐA: Flokkun úrgangs hefur jákvæð áhrif á umhverfið og heilsu manna í formi minni losunar eiturefna út í loft, láð og lög.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**

Með þeim best klæddu á BRIT-hátíðinni

BRIT-tónlistarhátíðin var haldin á miðvikudaginn með pompi og prakt og fólk mætti að sjálfsögðu í sínu fínasta pússi. Eins og gengur og gerist hittu sumir beint í mark hvað varðar fataval og þessi náðu ofarlega á nokkra listana yfir best klædda fólki á hátíðinni. – gha

Rita Ora, Hailey Baldwin, Millie, Sam Smith og Rosie Huntington-Whiteley voru flott. NORDICPHOTOS/GETTY

NAMMILAND
50% AFSLÁTTUR ALLA FÖSTUDAGA, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA

Halda í köflótta mynstrið í London

Tískuvikan í London er nýyfirstaðin og hefur Mílanó tekið við. Götutískan í London er alltaf jafn frumleg og litaglöð, en það var eitt trend sem stóð upp úr að þessu sinni. Köflótt mynstur var gríðarlega áberandi, hvort sem það var í hefðbundnum brúnum og gráum lit eða í skærari litum. Burberry-áhrifin náðu greinilega langt út fyrir tískupallinn, og má búast við að köflótt haldi áfram inn í vorið og alveg fram á næsta haust.

Köflótt kápa yfir köflóttan jakka. Allt er leyfilegt.

Þetta klassíska köflótta mynstur er einstaklega töff.

Köflóttar yfirhafnir voru áberandi hjá gestum á tískuvikunni í London sem fór fram fyrr í mánuðinum. Neon-græni liturinn gerir kápu Tiffany Hsu (t.h.) einstaklega áhugaverða. NORDICPHOTOS/GETTY

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

Kveður eftir 17 ár

Christopher Bailey kveður Burberry eftir sautján ár, en þar hefur hann gegnt hinum ýmsu stöðum – sú síðasta var listrænn stjórnandi breska tískuhússins. Línan hans fyrir haustið 2018 var skrautleg, mikið var um mynstur og alla regnbogans liti. Það verður forvitnilegt að sjá hvað hann gerir, og hvert hann fer næst.

Hönnuðurinn Christopher Bailey átti stóran þátt í endurreisn Burberry á sínum tíma.

LAND ROVER

DISCOVERY SPORT PURE Á EINSTÖKU VERÐI

ABOVE & BEYOND

landrover.is

Búnaður bíls á mynd er frábrugðinn búnaði bíls á auglýstu verði

LAND ROVER DISCOVERY SPORT PURE
VERÐ: 6.190.000 kr.

Búnaður í PURE útgáfu er m.a.: 17" Odyssey álfelgur, 9 þrepa sjálfskipting, stillanlegt Terrain Response drifkerfi, Ebony Tech Velour tauáklæði, upphitað stýrishjól og framrúða, bakkmyndavél, 60/40 niðurfellanlegt aftursæti með fram og aftur færslu, hraðastillir, rafdrifin handbremsa, varadekk og dráttarkrókur.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

ENNEMM / SÍA / NM86718

Sólrún Sesselja segir fræðslu vera lykilinn að því að uppræta fordóma. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fordómar gegn hinsegin fólki enn þá til staðar á Íslandi

Sólrún Sesselja Haraldsdóttir segir að fordómar gagnvart hinsegin fólki séu til staðar á Íslandi. Sólrún hefur kynnst þeim fordómum ágætlega síðan hún kom út úr skápnum fyrir rúmu ári. Hún er þó vongóð um að hlutirnir séu að breytast og segir fræðslu um hinseginleika afar mikilvæga í baráttunni gegn fordómum.

Ég hef lent í því, t.d. niðri í bæ að degi til, í göngutúr með þáverandi kærustu, að fólk glápir, bendir og hlær. Svo heyrir maður útlendinga segja hluti sem innihalda augljóslega orðið „lesbíur“ á einhverju tungumáli öðru en ensku. Svo lentum við einu sinni í því að það var maður í bíl sem rúllaði niður rúðunni og „cat-callaði“ okkur,“ segir Sólrún Sesselja Haraldsdóttir þegar hún er beðin um að lýsa þeim fordómum sem hún hefur orðið fyrir vegna kynhneigðar sinnar.

Sólrún tekur annað dæmi: „Oft þegar ég hef sagt að ég sé samkynhneigð fæ ég til baka að ég líti ekki út fyrir að vera það. Að ég líti frekar út fyrir að vera tvíkynhneigð eða gagnkynhneigð, af því að ég passa ekki inn í steríótýpuna yfir samkynhneigðar konur.“

„Fólk hefur líka alveg sagt við mig að það sé ónáttúrulegt að vera samkynhneigður, af því að karlar og konur eiga að búa til börn og þannig viðhalda mannkyninu og þannig séu aðrar kynhneigðir ónáttúrulegar.“

Sólrún segir alls konar fólk vera með fordóma gegn hinsegin fólki og oftar en ekki opinberar fólk fordóma sína í hugsunarleysi. „Þetta er kannski frekar eldra fólk heldur en yngra. Og frekar túristar heldur en Íslendingar. En í raun getur þetta verið hver sem er,“ útskýrir Sólrún. Hún bætir við að vegna fordóma hafi hún vanið sig á að meta umhverfið sem hún er í áður en hún opinberar það að hún sé samkynhneigð. „Mér finnst ég þurfa að meta umhverfið áður en ég ákveð hvort ég ætli að segja frá mínum hinseginleika. Alveg hiklaust.“

„ÞAÐ ÞARF AÐ BÚA TIL UMHVERFI ÞAR SEM HINSEGIN FÓLK ER VELKOMIÐ OG ÞAÐ ER HÆGT AÐ GERA MEÐ ÞVÍ AÐ VANDA ORÐAVAL.

Sólrún kveðst reyna að taka ekki inn á sig þegar fólk opinberar fordóma sína gagnvart hinsegin fólki en það geti þó verið erfitt. „Ef þetta er fólk sem er ekki nákomið mér þá reyni ég að hunsa það, reyni að hlæja bara. Ég veit að þetta er fáfræði.“

„En ef þetta er í fólk sem er náið manni, þá er það erfiðara. Þá þarf maður líka að hugsa hvaða fólki maður er að umkringja sig með. Maður vill ekki umgangast fólk sem er hreinlega á móti því hvernig maður er. Ég get ekkert breytt mínum hinseginleika. Ég valdi þetta ekki, ég er bara svona.“

Snýst um vellíðan fólks

Sólrún leggur áherslu á að hinsegin fræðsla sé mikilvæg og sjálf tekur hún þátt í slíkri fræðslu með Samtökunum ’78, í grunn- og framhaldsskólum. „Sumum finnst sú fræðsla óþarfi vegna þess að það er minnihluti sem er hinsegin og þá taki það því ekki að fræða um þessa hluti. En það er mikilvægt að fræða alla,“ segi Sólrún og minnir á að það sé mikið í húfi. „Þetta snýst um hamingju og vellíðan hinsegin fólks.“

Það þarf líka að minna fólk á að vanda orðaval að sögn Sólrúnar. Hún segir orðræðuna í samfélaginu vera þannig að gert er ráð fyrir að allir séu gagnkynhneigðir. „Fólk þarf að passa hvernig það talar. Til dæmis ekki segja: „Ertu komin með kærasta?“ við stelpur. Spyrja frekar út í maka. Og ekki nota hinsegin orð sem níðyrði. Það þarf að búa til umhverfi þar sem hinsegin fólk er velkomið og það er hægt að gera með því að vanda orðaval.“

„Hinsegin fólk lendir líka, frekar en gagnkynhneigt fólk, í því að ókunnugt fólk spyr út í kynlíf þess, jafnvel kynfæri. Það er mjög óviðeigandi og kemur engum við,“ bætir Sólrún við.

Hún tekur svo fram að hún horfi bjartsýn til framtíðar. „Ég held að þetta sé að skána og það er að mínu mati mest til komið vegna aukinnar fræðslu.“ **gudnyhronn@frettabladid.is**

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Elmar Hallgrims Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*

markhönnun ehf

Frábær helgartilboð

LAMBA PRIME
FERSKT
3.479 KR/KG
ÁÐUR: ~~4.349 KR/KG~~
-20%

NAUTA RIBEYE
Í HEILU.
2.198 KR/KG
ÁÐUR: ~~3.382 KR/KG~~
-35%

NAUTA MÍNÚTUSTEIK
FERSKT
2.659 KR/KG
ÁÐUR: ~~3.798 KR/KG~~
-30%

LAMBALÆRISSNEIÐAR
M/RASPI
1.655 KR/KG
ÁÐUR: ~~2.069 KR/KG~~
-20%

FOLALDAGÚLLAS
VACUMPAKKAÐ. FROSIÐ.
2.238 KR/KG
ÁÐUR: ~~2.798 KR/KG~~
-20%

FOLALDAPIPARSTEIK
FROSIÐ
2.398 KR/KG
ÁÐUR: ~~2.998 KR/KG~~
-20%

KARAMELLUTERTA
STÓR 900 GR.
1.329 KR/STK
ÁÐUR: ~~1.898 KR/STK~~
-30%

APPELSÍNUR
129 KR/KG
ÁÐUR: ~~258 KR/KG~~
-50%

PINK STUFF
HREINSIEFNI 500 GR.
298 KR/STK
ÁÐUR: ~~379 KR/STK~~

Tilboðin gilda 22. - 25. febrúar 2018 **www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavik • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

netto Á NETINU www.netto.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR
Þórarins Þórarinssonar

Varúð: Dugnaður

Meintur dugnaður Íslendinga er eitt af því sem við notum til þess að belgja okkur út með og hefja okkur yfir aðrar þjóðir. Íslenskur dugnaður og dýrkun á honum er grundvallarmisskilningur og í raun þrúgandi þjóðarböl.

Íslenskur dugnaður er alveg aftengdur skynsemi, heiðarleika og gagnrýnni hugsun. Gengur út á að setja hausinn undir sig og böðlast eins og tuddi á amfetamíni. Bægslagangurinn er mikill, afraksturinn enginn. Nema hrósið: „Hann er nú svo duglegur.“

Duglegt fólk er stórvarasamt, sést ekki fyrir í andskotans djöfulgangi. Alltaf eitthvað voða mikið að gera. Dugnaðarforkarnir láta sig til dæmis ekkert muna um að keyra til tunglsins og til baka mörgum sinnum í mánuði.

Til hvers? Að sóa tíma og skilja eftir sig hyldjúp kolefnisspor? Dugnaðarforkarnir eru aðallega iðnir og ofvirkir við að þvælast fyrir, skara eld að eigin köku og fremja alls konar heimskupör og umhverfisspjöll og láta einhverja aðra, komandi kynslóðir og náttúruna sem er um það bil að verða gjaldþrota, um að borga fyrir öll „afköstin“.

Dugnaður er djöfullegur, leti er góð. Sá lati nennir ekki að spilla náttúrunni með framkvæmdum, ekki að vera alltaf að þrífa í kringum sig með eitruðum hreinsiefnum og ekki rýkur sá lati út að keyra þegar ástandið er appelsínugult og endar fastur í skafli, aðeins til trafala og vandræða.

Er ekki ráð að reyna að slaka aðeins á? Hætta að hossa hinum duglegu sem eru fyrst og fremst til ógagns og óþurftar? Hægja aðeins á snúningshraðamælinum og fara færri kílómetra en fleiri?

CHIRO UNIVERSE

Aukahlutur á mynd: Gafl.

FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

STÆRÐ	FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI	FERMINGAR-TILBOÐ	AFBORGUN Á MÁNUÐI*
90X200	79.900 KR.	63.920 KR.	5.918 KR.
100X200	89.900 KR.	71.920 KR.	6.608 KR.
120X200	99.900 KR.	79.920 KR.	7.298 KR.
140X200	114.900 KR.	91.920 KR.	8.333 KR.

* Miðað við vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun

- Fimmsvæðaskipt pokagormakerfi.
- Heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt áklæði.
- Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

SERTA OPERA

Aukahlutur á mynd: Gafl.

Serta STÆRSTI DÝNUFRAM-LEIÐANDI VERALDAR

FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

STÆRÐ	FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI	FERMINGAR-TILBOÐ	AFBORGUN Á MÁNUÐI*
120X200	121.000 KR.	96.800 KR.	8.754 KR.
140X200	135.000 KR.	108.000 KR.	9.720 KR.

* Miðað við vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun

- Sjölaga heilsu- og hægindahluti tryggir réttan stuðning við mjóbak.
- Vandað fimmsvæðaskipt pokagormakerfi. Minni hreyfing, betri aðlögun.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði sem andar vel.
- Steyptar kantstyrkingar.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

BÓKA MARKAÐURINN
LAUGARDALSVELLI
23. FEBRÚAR TIL 11. MARS
OPIÐ FRÁ: KL. 10 – 21 ÖLL KVÖLD